| Jöfnunarsjóður: Lækkun til samræmis við uppfærða tekjuspá .....                          | - 2.036         |
| <b>Samtals ný og aukin útgjaldatílefni</b> .....   | <b>65.147</b>   |

<sup>1</sup> Gert er ráð fyrir því að útgjöld vegna almennra atvinnuleysisbóta hækki um 29,5 ma.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Í frumvarpinu er á hinn bóginn einungis lagt til að hækka fjárheimild málaflokksins um 15,9 ma.kr. Mismunurinn, 13,6 ma.kr., skýrist af því að útlit er fyrir að útgjöld vegna hlutabótaleiðar verði 12 ma.kr. lægri en áður var gert ráð fyrir og útgjöld vegna launa í sóttkví um 1,6 ma.kr. lægri.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu útgjaldamálum í frumvarpinu. Fyrst er stuttlega fjallað um útgjöld eftir því hvort þau flokkast til viðbragða við heimsfaraldrinum eða til annarra útgjalda og því næst er fjallað um útgjöld eftir málefna sviðum.

#### *Tillögur um breytingar á fjárheimildum vegna heimsfaraldurs*

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjárheimildum málefna sviða sem skiptast annars vegar í breytingar sem rekja má til heimsfaraldursins og hins vegar breytingar vegna annarra útgjaldamála sem þóttu uppfylla skilyrði laga um opinber fjármál um að teljast tímabundin, óviðráðanleg og óhjákvæmileg. Gert er ráð fyrir 55,2 ma.kr. aukningu vegna COVID-útgjalda og 9,9 ma.kr. vegna annarra útgjalda. Rekja má u.þ.b. 156 ma.kr., eða 93%, af heildaraukningu

fjárheimilda á árinu til beinna eða afleiddra áhrifa af heimsfaraldrinum.

Útgjöldum vegna áhrifa heimsfaraldursins má skipta upp eftir því hvort um er að ræða mótvægisráðstafanir eða aukinn kostnað. Því til viðbótar er gert ráð fyrir auknum greiðsluheimildum vegna rekstrartekjutaps stofnana.

Mótvægisráðstafanir nema alls um 28,7 ma.kr. Þar veða þyngst 23,3 ma.kr. framlög vegna tekjufallsstyrkja. Þá er lagt til að veita rúmlega 2,1 ma.kr. í aukin framlög til að veita sveitarfélögunum fjárhagslega viðspyrnu og til að verja lögbundna grunnþjónustu, sbr. yfirlýsingu í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga vegna fjármálaáætlunar 2021–2025. Enn fremur er lagt til að veita 2,1 ma.kr. vegna tímabundinnar lengingar tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Lagt er til rúmlega 0,9 ma.kr. framlag vegna bóluefnis við COVID-19, annars vegar vegna innanlandsþarfa og hins vegar vegna þróunarsamvinnu. Þá er gert ráð fyrir 258 m.kr. til ýmissa félagslegra úrræða, eins og nánar er fjallað um síðar í þessu frumvarpi.

Til aukins kostnaðar vegna heimsfaraldursins teljast 40,1 ma.kr. og er langstærsti hluti þess vegna aukins atvinnuleysis, eða 29,5 ma.kr. Þá er ófyrirséður kostnaður til heilbrigðismála um 6,2 ma.kr. Auk þessa má nefna að gert er ráð fyrir um 834 m.kr. aukningu framlaga til almanna- og réttaröryggis, sér í lagi til ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þá er gert ráð fyrir um 550 m.kr. aukningu til framhaldsskólastigs og 500 m.kr. til háskólastigs vegna fjölgunar nemenda. Til viðbótar er gert ráð fyrir 2,5 ma.kr. í ýmsan kostnað í tengslum við heimsfaraldurinn eins og fjallað er um í greinargerð einstakra málaflokka.

Til viðbótar framangreindu er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna hlutabótaleiðar og launa í sóttkví lækki um 13,6 ma.kr. vegna endurmats á útgjaldahorfum vegna þessara mótvægisráðstafana og vegur það á móti tillögu um aukna fjárheimild vegna aukins atvinnuleysis. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að stofnunum verði í einhverjum tilvikum bætt rekstrartekjutap vegna heimsfaraldursins. Við mat á því hvort bæta ætti rekstrartapið var litið til nokkurra þátta, s.s. möguleika á að ráða við tekjufallið innan viðkomandi málaflokks. Í þessum tilvikum er ekki um auknar gjaldaheimildir að ræða. Þess í stað lækka rekstrartekjur og greiðsluheimild er hækkuð um samsvarandi fjárhæð á móti. Samtals er gert ráð fyrir að bæta stofnunum 627 m.kr. rekstrartekjutap með þessum hætti. Um er að ræða stofnanir á málefnasviðum *17 Umhverfismál, 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál og 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi.*

#### *Tillögur um breytingar á fjárheimildum sem ekki tengjast áhrifum heimsfaraldursins*

Útgjöld sem ekki tengjast heimsfaraldrinum nema sem fyrr segir um 9,9 ma.kr. Af þeim málum sem fela í sér hvað mesta útgjaldahækkun ber að nefna 5,5 ma.kr. hækkun vegna lífeyrisskuldbindinga en nánar er fjallað um þá breytingu í kaflanum hér á eftir. Auk þess er lagt til að veita 2 ma.kr. aukin framlög vegna endurmats á útgjaldahorfum ársins vegna endurhæfingarlífeyris. Endurhæfingarlífeyrisþegum hefur fjölgað um fjórðung á milli ára vegna aukinnar áherslu á endurhæfingu fólks með skerta starfsgetu. Þá er óskað eftir 1,4 ma.kr. sem skýrist einkum af lægri tekjum ellilífeyrisþega en tekjuáætlanir gerðu ráð fyrir. Vakin er athygli á því að undir þessum lið vegur á móti 2 ma.kr. lækkun á lögbundnum framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna endurskoðunar á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs, en framlög í sjóðinn nema ákveðnu hlutfalli af annars vegar innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og hins vegar álagningarstofni útsvars fyrir næstliðið ár. Framlagið af skatttekjum ríkissjóðs vegur þyngra, en tekjurnar hafa lækkað verulega á þessu ári sem leiðir til þess að áætluð framlög í Jöfnunarsjóð í fjárlögum eru of há. Útgjöld vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 lækka um tæpa 0,4 ma.kr. og er gert ráð fyrir að millifæra samsvarandi fjárhæð á almennan varasjóð í frumvarpinu.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir millifærslum á milli málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu

ásamt tillögum um breytingar á hagrænni skiptingu. Veigamesta breytingin felst í 2,5 ma.kr. millifærslu vegna lokunarstyrkja, sem veitt var fjárheimild fyrir í öðrum fjárukalögum ársins, af málefna sviði 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* yfir á málefna sviði 30 *Vinnumarkaður og atvinnuleysi*.

## 1.2 Útgjöld eftir málefna sviðum

Langstærstur hluti tillagnanna snýr að félags- og tryggingamálum, eða um 48,3 ma.kr. Þar af nema aukin framlög til málefna sviðs 30 *Vinnumarkaður og atvinnuleysi* samtals 44,3 ma.kr. Þar vega þyngst 23,3 ma.kr. tillaga vegna tekjufallsstyrkja og 15,9 ma.kr. tillaga vegna aukinna framlaga til atvinnuleysisbóta auk 2,1 ma.kr. vegna tímabundinnar lengingar tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

Þá er gert ráð fyrir að útgjöld vegna almannatrygginga á málefna sviðum 27 *Örorka og málefni fatlaðs fólks* og 28 *Málefni aldraðra* aukist samtals um tæpa 3,9 ma.kr. Þar vega þyngst annars vegar um 2 ma.kr. hækkun vegna endurhæfingarlífeyris en endurhæfingarlífeyrisþegum hefur fjölgað meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga vegna aukinnar áherslu á endurhæfingu fólks með skerta starfsgetu. Hins vegar er í málaflokki 28.1 *Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra* lögð til 1,4 ma.kr. hækkun vegna endurmats á útgjaldahorfum í málaflokknum.

Gert er ráð fyrir 8,6 ma.kr. hækkun til heilbrigðismála sem skýrist mestmegnis af auknum rekstrarkostnaði heilbrigðisstofnana ásamt endurmati á útgjaldahorfum ársins. Þar er fyrst og fremst um að ræða 6,2 ma.kr. ófyrirséðan kostnað vegna heimsfaraldursins, 1,6 ma.kr. vegna endurmats á útgjaldahorfum og um 0,4 ma.kr. vegna bóluafnis. Fjárheimildirnar dreifast á flest málefna svið og málaflokka heilbrigðismála.

Þá er lagt til að veita um 1,3 ma.kr. til mennta- og menningarmála. Vegna atvinnuástands í tengslum við heimsfaraldurinn hefur nemendum í framhalds- og háskólum fjölgað mikið og gerð er tillaga um rúmlega 1 ma.kr. hækkun fjárheimilda vegna þessa. Þá er óskað eftir hækkun fjárheimilda vegna aukins rekstrar- og framkvæmdakostnaðar vegna heimsfaraldursins og vegna grímukaupa í skólum.

Á málefna sviði 08 *Sveitarfélög og byggðamál* er gert ráð fyrir nýjum útgjöldum sem nema ríflega 2,1 ma.kr. Á móti kemur að gert er ráð fyrir rúmlega 2 ma.kr. lækkun til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á sama málefna sviði til samræmis við endurskoðaðar áætlanir um lögbundin framlög til sjóðsins. Nýju útgjöldin eru í samræmi við yfirlýsingu formanna ríkisstjórnarflokkanna vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga vegna fjármálaáætlunar 2021–2025 sem felur í sér framlög vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, málefna fatlaðs fólks, til sveitarfélaga sem standa höllum fæti og stefnumörkunar um sjálfbærni sveitarfélaga.

Á málefna sviði 09 *Almanna- og réttaröryggi* er gert ráð fyrir 788,7 m.kr., fyrst og fremst til löggæslumála vegna aukins kostnaðar við almannavarnir vegna heimsfaraldursins. Þá er gert ráð fyrir auknum fjárheimildum á málefna sviði 10 *Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnisýsla dómsmála* sem nemur ríflega 0,4 ma.kr. til að mæta kostnaði vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Að lokum er gert ráð fyrir um 7 ma.kr. hækkun á málefna sviði 33 *Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar*. Í fyrsta lagi er um að ræða 5,5 ma.kr. hækkun vegna lífeyrisskuldbindinga. Hækkunina má rekja að mestu leyti til tveggja þátta. Annars vegar er um að ræða hækkunir á lífeyri þeirra sem þegar eru farnir á eftirlaun, en þær skal ríkissjóður fjármagna skv. lögum. Hins vegar leiddi breytt aðferðafræði við mat á tryggingafræðilegri stöðu B-deildar LSR til neikvæðari hreinnar stöðu sjóðsins og þar með hækkunar reiknaðra vaxta um 1,9 ma.kr. frá fjárlögum. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild vegna fjármagns-kostnaðar ríkissjóðs hækki um 1,5 ma.kr. á rekstrargrunni og verði 44,8 ma.kr. og lækki um



0,7 ma.kr. og verði 39,0 ma.kr. á greiðslugrunni. Stóraukin lántaka ríkissjóðs skýrir hækkunina en vaxtagjöld hækka ekki til samræmis vegna lækkunar vaxtakjara. Vakin er athygli á því að vegna mikilla gengisbreytinga á þessu ári má vænta um 45 ma.kr. gjaldfærslu í ríkisreikningi sökum gengistaps vegna erlendra skulda ríkissjóðs. Á hinn bóginn má vænta um 39 ma.kr. tekjufærslu vegna gengishagnaðar gjaldeyriseigna ríkissjóðs. Neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs í ríkisreikningi eru áætluð um 6 ma.kr. Þar sem um er að ræða virðisbreytingar eigna og skulda koma neikvæð áhrif ekki fram í afkomu ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Sökum þess að endanleg gengisáhrif eru óviss, áhrif á gengisjöfnuð hlutfallslega takmörkuð og gengisbreytingar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni, er ekki sótt um gjaldaheimild vegna gengistapsins.

Í frumvarpinu eru enn fremur lagðar til millifærslur milli málefna sviða og málaflokka og breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda. Um er að ræða breytingar sem hafa ekki áhrif á heildarútgjöld og þar með afkomu ríkissjóðs en geta haft áhrif til bæði hækkunar og lækkunar á fjárheimildir einstakra málefna sviða og málaflokka. Í töflunni hér á eftir sjást heildarbreytingar fjárheimilda málefna sviða að teknu tilliti bæði til útgjaldaskuldbindinga og þessara tæknilegu breytinga. Að öðru leyti er vísað í nánari umfjöllun um útgjaldabreytingar málefna sviða og málaflokka í greinargerð viðkomandi málefna sviða.

| Rekstrargrunnur, m.kr.                  | Fjárlög<br>2020  | Heimild <sup>1</sup><br>2020 | Breyting <sup>2</sup><br>m.kr. | Breyting<br>% |
|---|------------------|------------------------------|--------------------------------|---------------|
| Rekstrarframlög .....                   | 438.689          | 452.822                      | 9.398                          | 2,1%          |
| Rekstrartilfærslur .....                | 325.372          | 395.357                      | 30.213                         | 9,3%          |
| Fjármagnstilfærslur .....               | 22.308           | 28.253                       | 295                            | 1,3%          |
| Fjárfestingarframlag <sup>3</sup> ..... | 51.905           | 64.861                       | -30                            | -0,1%         |
| <b>Rammasett útgjöld .....</b>          | <b>838.274</b>   | <b>941.294</b>               | <b>39.877</b>                  | <b>4,8%</b>   |
| Vaxtagjöld .....                        | 43.228           | 44.744                       | 1.516                          | 3,5%          |
| Aðrir liðir utan ramma .....            | 122.686          | 186.766                      | 23.755                         | 19,4%         |
| <b>Heildargjöld .....</b>               | <b>1.004.188</b> | <b>1.172.803</b>             | <b>65.147</b>                  | <b>6,5%</b>   |
| Rekstrartekjur .....                    | 60.042           | 59.086                       | -956                           | -1,6%         |
| Framlag úr ríkissjóði .....             | 903.540          | 1.053.528                    | 46.520                         | 5,1%          |
| Viðskiptahreyfingar .....               | 40.605           | 60.189                       | 19.583                         | 48,2%         |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>         | <b>1.004.188</b> | <b>1.172.803</b>             | <b>65.147</b>                  | <b>6,5%</b>   |

<sup>1</sup> Fjárlög 2020 að viðbættum fjárukalögum og frumvarpi til fjárukalaga, sbr. lög nr. 110/2020

<sup>2</sup> Breyting í frumvarpi til fjárukalaga, sbr. lög nr. 110/2020, frá fjárlögum ársins 2020

<sup>3</sup> Fjárfestingarframlög færast ekki til gjalda í ríkisreikningi heldur eru þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma eignarinnar

### 1.3 Nýting á almennum varasjóði á árinu 2020

Í tengslum við hlutverk og umfang fjárukalaga er einnig bent á að í 24. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um almennan varasjóð A-hluta ríkissjóðs. Skilyrði fyrir ráðstöfun úr sjóðnum eru sams konar og þau sem gilda um frumvarp til fjárukalaga, þ.e. að honum er ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum frá launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Almennur

varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga en fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Í fjárlögum fyrir árið 2020 nemur heildarfjárheimild sjóðsins um 10,8 ma.kr. eða sem svarar til 1,1% af heildarfjárheimild ársins.

Þegar hefur verið ráðstafað ríflega 2 ma.kr. úr almenna varasjóðnum. Þar af er ríflega helmingur vegna umframgjalda á dómkröfuflið ríkissjóðs sem m.a. má rekja til bótagreiðslna í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Þá hafa verið millifærðar fjárheimildir vegna samninga við Icelandair sem ætlað er að tryggja millilandaflug til lykiláfangastaða, vegna tekjutaps ISAVIA af innanlandsflugvöllum og til að mæta rekstrartapi ýmissa samningsaðila Vegagerðarinnar sem rekja má til áhrifa af COVID-19. Þá voru launa- og verðlagsbætur fyrir árin 2019 og 2020 endurreiknaðar. Eru í frumvarpinu gerðar leiðréttingar með millifærslum á milli almenna varasjóðsins og viðkomandi málaflokka. Auk þess er gert ráð fyrir að ráðstafa því til viðbótar um 5 ma.kr. vegna annarra útgjaldamála sem talin eru uppfylla skilyrði um nýtingu varasjóðsins. Þar vegur þyngst endurmat á gengisforsendum fjárlaga sem nemur um 4 ma.kr. en gengisáhrifin koma einna helst fram í auknum kostnaði vegna lyfjakaupa og utanríkismála.

Rétt er að vekja athygli á því að við vinnslu frumvarpsins var litið til þess, m.a. í ljósi gagnsæis, að sem flestar tillögur um auknar fjárheimildir er vörðuðu umframútgjöld og kostnað vegna COVID-19 yrðu lagðar fyrir Alþingi til yfirferðar og afgreiðslu.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari ráðstöfun úr sjóðnum að svo stöddu og er því til staðar rúmlega 4 ma.kr. svigrúm hjá sjóðnum til að bregðast við óvæntum og óhjákvæmilegum útgjöldum fyrir lok þessa árs ef til þess kæmi.

#### 1.4 Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Hluti ráðstafana sem lagðar eru til í frumvarpinu var metinn með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar. Lögð var áhersla á að meta ráðstafanir sem eru annaðhvort mótvægisáðgerðir vegna COVID-19 eða eru að öðru leyti stefnumarkandi. Umfang þeirra ráðstafana sem lagt var mat á er um 54 ma.kr. eða ríflega 80% af heildarumfangi frumvarpsins. Við matið var m.a. litið til þess að til þessa hafa atvinnuskapandi áðgerðir í kjölfar COVID-19 frekar verið til þess fallnar að skapa störf sem unnin eru af körlum og þar hallar því á konur. Lagt var mat á hvort ráðstafanirnar væru líklegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, viðhalda óbreyttu ástandi á stöðu kynjanna eða auka kynjamisrétti eða kynjabil.

Langstærsti hluti ráðstafana sem lagt var mat á eru taldar viðhalda óbreyttu ástandi á stöðu kynjanna en þær nema um 65% af heildarumfangi frumvarpsins. Hér er t.d. um að ræða aukinn kostnað vegna fjölgunar nemenda á framhalds- og háskólastigi og vegna aukins atvinnuleysis. Lítil munur er á atvinnuleysi karla og kvenna á landsvísu þótt atvinnuleysi hafi aukist meira meðal kvenna á síðari hluta ársins. Þá eru tekjufallsstyrkir einnig taldir viðhalda óbreyttu ástandi og gagnast konum og körlum með sambærilegum hætti.

Nokkur fjöldi tillagna eru taldar styðja við jafnrétti og má þar t.d. nefna framlög til sveitarfélaga, enda styðja þau við þjónustu sveitarfélaga sem alla jafna er jákvæð fyrir umönnunarhagkerfið og konur eru meirihluti starfsfólks. Einnig má nefna 6,2 ma.kr. ófyrirséðan kostnað heilbrigðisþjónustu vegna heimsfaraldurs COVID-19. Fullnægjandi mönnum og hlífðarbúnaður varðar öryggi og heilsu framlínustarfsfólks sem er að miklum meiri hluta konur – sem væru annars berskjaldaðri fyrir smiti og auknu álagi. Skoðun á mótiefni Íslendinga sýnir að heilbrigðisstarfsfólk hefur ekki verið útsettara fyrir smiti en aðrir. Loks ber að nefna framlög til þróunar bóluefnis en almennt er talið að karlar verði fyrir auknum heilsufarslegum áhrifum af COVID-19 á meðan konur finni meira fyrir félagslegum og efnahagslegum áhrifum faraldursins. Bóluefni gæti dregið úr þessum neikvæðu áhrifum.

Tvær áðgerðir eru taldar líklegar til að auka kynjabil. Annars vegar er um að ræða



tímabundna lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta en eldri greiningar hafa sýnt að þar sem karlar hafa að meðaltali hærrí tekjur en konur fari hærra hlutfall tekjutengdra bóta til karla, að teknu tilliti til kynjahlutfalls meðal þeirra sem fá greiddar bætur. Fyrir liggur að greina þarf nánar núverandi stöðu og verður fylgst áfram með þróuninni. Hins vegar er um að ræða stuðning við framleiðendur í minkarækt en um 85% þeirra sem skráðir eru starfandi í loðdýrarækt eru karlar. Þarna er þó um mjög fáa einstaklinga að ræða.

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                      | Fjárlög<br>2020    | Heimildir<br>2020 <sup>1</sup> | br.<br>m.kr. <sup>2</sup> | br. frá<br>fjárl. % |
|---|--------------------|--------------------------------|---------------------------|---------------------|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....                 | 6.892,9            | 6.892,9                        |                           |                     |
| 02 Dómstólar .....  | 3.379,3            | 3.399,3                        | 20,0                      | 0,6%                |
| 03 Æðsta stjórnýsla .....                                   | 2.904,7            | 2.924,7                        | 20,0                      | 0,7%                |
| 04 Utanríkismál .....                                       | 12.585,2           | 12.587,8                       | 2,6                       | 0,0%                |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....                 | 31.859,0           | 32.079,7                       | 170,7                     | 0,5%                |
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....                       | 4.122,0            | 4.101,3                        | -20,7                     | -0,5%               |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....           | 15.926,9           | 18.838,3                       | -8,6                      | -0,1%               |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál .....                          | 23.419,6           | 24.078,6                       | 104,0                     | 0,4%                |
| 09 Almanna- og réttaröryggi .....                           | 30.520,1           | 31.323,8                       | 788,7                     | 2,6%                |
| 10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála .....      | 16.809,4           | 17.245,4                       | 436,0                     | 2,6%                |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....                         | 47.736,7           | 47.907,2                       | 170,5                     | 0,4%                |
| 12 Landbúnaður .....  | 17.007,4           | 16.993,8                       | -13,6                     | -0,1%               |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....                          | 6.876,8            | 6.828,5                        | -48,3                     | -0,7%               |
| 14 Ferðapjónusta .....                                      | 2.005,0            | 5.005,0                        |                           | 0,0%                |
| 15 Orkumál .....  | 4.521,5            | 4.521,5                        |                           | 0,0%                |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.ýsla atv.mála .....  | 4.813,0            | 4.765,5                        | -47,5                     | -1,0%               |
| 17 Umhverfismál .....                                       | 20.586,2           | 20.589,0                       | 2,8                       | 0,0%                |
| 18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....            | 16.158,4           | 16.669,3                       | 260,9                     | 1,6%                |
| 19 Fjölmíðlun .....   | 5.302,1            | 5.357,3                        | 55,2                      | 1,0%                |
| 20 Framhaldsskólastig .....                                 | 36.303,4           | 37.050,6                       | 447,2                     | 1,2%                |
| 21 Háskólastig .....  | 45.275,2           | 46.569,5                       | 494,3                     | 1,1%                |
| 22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menn.mála ....  | 5.549,8            | 5.551,8                        | 2,0                       | 0,0%                |
| 23 Sjúkrahúspjónusta .....                                  | 106.061,1          | 111.369,5                      | 4.108,4                   | 3,9%                |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....                | 56.736,2           | 59.507,8                       | 1.831,6                   | 3,2%                |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....                | 56.673,3           | 57.516,3                       | 813,0                     | 1,4%                |
| 26 Lyf og lækningavörur .....                               | 27.020,4           | 28.470,2                       | 1.449,8                   | 5,4%                |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....                    | 74.698,5           | 77.378,5                       | 2.123,0                   | 2,8%                |
| 28 Málefni aldraðra .....                                   | 85.309,2           | 87.044,2                       | 1.735,0                   | 2,0%                |
| 29 Fjölskyldumál .....                                      | 42.220,6           | 46.458,6                       | -2,0                      | 0,0%                |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....                      | 36.516,2           | 148.106,2                      | 44.290,0                  | 121,3%              |
| 31 Húsnæðisstuðningur .....                                 | 13.497,0           | 13.637,0                       | 140,0                     | 1,0%                |
| 32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....              | 10.992,1           | 12.277,5                       | 410,4                     | 3,7%                |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi ..... | 99.675,7           | 106.691,7                      | 7.016,0                   | 7,0%                |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....    | 28.315,2           | 46.646,4                       | -2.104,8                  | -7,4%               |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....                          | 5.917,5            | 6.417,5                        | 500,0                     | 8,5%                |
| <b>Samtals .....</b>  | <b>1.004.187,6</b> | <b>1.172.802,2</b>             | <b>65.146,6</b>           | <b>6,5%</b>         |

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukalögum og frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 110/2020

<sup>2</sup> Tillögur í frumvarpi til fjárukalaga, sbr. lög 110/2020

## 2 Efnahagur, lántökur og endurlán

Hér er gerð nánari grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins. Lagt er til að lánsfjárheimild ríkissjóðs skv. 1. tölul. 5. gr. verði hækkuð úr 140 ma.kr. í 360 ma.kr. vegna aukinnar fjárþarfar ríkissjóðs í tengslum við aðgerðir sem miða að því að verja íslenskt efnahagslíf fyrir neikvæðum áhrifum af COVID-19 faraldrinum. Aukin lánsfjárbörf kemur til vegna samdráttar í tekjum ríkissjóðs og frestana í innheimtu, kostnaðar við fjármögnun þeirra aðgerða sem ætlað er að styðja við heimili og fyrirtæki, aukna fjárfestingu og kostnað vegna veitinga ábyrgða á lán banka til fyrirtækja.

Í fjárlögum ársins 2020 var heimild fyrir langtímalántöku að fjárhæð 40 ma.kr. Til viðbótar var sérstök heimild til erlendra lántöku að fjárhæð 100 ma.kr. Almenna lánsfjárheimildin var hækkuð í fjárukalagafrumvarpi sem lagt var fram í mars. Í greinargerð með fyrsta fjárukalagafrumvarpi ársins kom fram að vegna óvissu um mögulegt umfang aðgerða og endanlega fjárbörf gæti lánsfjárbörfin aukist verulega þegar líða tæki á árið. Nú liggur fyrir endurskoðað mat á lánsfjárbörf ríkissjóðs og ljóst að leita þarf aukinna heimilda. Lánsfjárheimildin er til að mæta langtímalántökum, sem fyrst og fremst eru útgefin ríkisbréf, nettóaukningu á útistandandi víxlum og annarri skammtímafjármögnun, en hluta af útistandandi skammtímafjármögnun kann að vera breytt í lengri tíma fjármögnun fyrir árslok.

Ef viðbótarlánsfjárheimild samkvæmt frumvarpi þessu yrði fullnýtt gæti fjárbörf ríkissjóðs á árinu verið mætt með eftirfarandi hætti:

| Fjárbörf og fjármögnun ríkissjóðs á árinu 2020 | Fjárlög<br>2020 | Endurmat<br>2020 |
|--|-----------------|------------------|
| <b>Fjárbörf ríkissjóðs .....</b>               | <b>-65</b>      | <b>-359</b>      |
| Afborganir af innlendum lánum .....            | -77             | -66              |
| Nettó innlend lántaka .....                    | 12              | -293             |
| <br><b>Fjármögnun ríkissjóðs .....</b>         | <br><b>40</b>   | <br><b>359</b>   |
| Ríkisbréf .....                                | 40              | 169              |
| Ríkisvíxlar .....                              | -               | 95               |
| Lán frá ÍL-sjóði .....                         | -               | 95               |

Sjóðstaða ríkissjóðs er góð um þessar mundir. Innlendar innstæður í Seðlabanka nema um 110 ma.kr. í lok nóvember. Því til viðbótar á ríkissjóður um 220 ma.kr. í erlendum innstæðum sem unnt er að nýta að hluta til að mæta fjárbörf hans og myndi það að óbreyttu draga úr innlendri lántöku. Nýting gjaldeyriseigna að hluta gætu falið í sér að ofangreindar viðbótarheimildir yrðu ekki nýttar til fulls.

### 3 Heimildir

Lagt er til að við heimildarákvæði 6. gr. fjárlaga bætist einn nýr liður til að kaupa húsnæði í Mývatnssveit fyrir opinbera starfsemi. Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er kveðið á um að ríkið skuli koma á fót meginstarfsstöðvum vegna starfsemi þjóðgarðsins á tilteknum stöðum, þ. á m. í Mývatnssveit. Ljóst er að uppbygging nýrra þjónustumiðstöðva frá grunni, sérstaklega utan helstu þéttbýlisstaða landsins, getur verið kostnaðarsöm. Hagkvæmara og fljótlegra getur verið að breyta hentugu húsnæði til að hýsa slíkar miðstöðvar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir því að skoðað verði að hefja viðræður við eigendur Hótel Gígs á Skútustöðum í Mývatnssveit sem hafa áhuga á því að selja umrædda eign. Um er að ræða fyrrum skólahúsnæði sem er um 1.300 fermetrar að stærð og hefur verið aðlagð fyrir ferðaþjónustu. Eignin er einstaklega vel staðsett við suðvesturbakka Mývatns og liggur við þyrpingu gervigíga á svæðinu. Ljóst er að ekki yrði veitt heimild til að byggja mannvirki á stað sem þessum í dag. Talið er að hægt sé að nýta fasteignina sem meginstarfsstöð Vatnajökulsþjóðgarðs og uppfylla kröfur um uppbyggingu gestastofu á svæðinu. Verði frumvarp um Miðhálandisþjóðgarð að lögum væri einnig hægt að nýta húsnæðið fyrir nauðsynlega starfsemi á vegum hans. Til viðbótar væri hægt að nýta eignina undir aðra starfsemi hins opinbera á þessu svæði. Skútustaðahreppur telur einnig að mikil samlegðar- og nýsköpunartækifæri séu til staðar verði af kaupum ríkisins á eigninni ásamt því að hafa jákvæð samfélags- og efnahagsáhrif á svæðið. Sveitarfélagið hefur áhuga á því að taka þátt í verkefninu með einhverjum hætti, t.d. með því að leigja aðstöðu í húsnæðinu undir þekkingarsetur og frumkvöðla. Til að það teljist hagkvæmt að ráðast í fjárfestingu á þessari eign út frá fjárhagslegum sjónarmiðum þarf kostnaður við kaup og endurbætur að vera nokkru lægri en nemur nýbyggingarkostnaði. Hafa þarf í huga að nýbygging yrði sérstaklega hönnuð fyrir starfseminna en hins vegar væri ekki hægt að bjóða upp á sömu staðsetningu við Mývatn.

## 4 Endurmat á afkomu ársins 2020

### 4.1 Afkoma

Afgerandi efnahagsleg áhrif faraldursins á fjármál ríkissjóðs sjást skýrt þegar áætlun fjárlaga ársins 2020 er borin saman við núverandi horfur. Þannig er nú gert ráð fyrir því að tekjur verði um 116 ma.kr. lægri en í áætlun fjárlaga sem er lækkun um 13%. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld á árinu 2020 verði um 144 ma.kr. hærrí en upphaflega var gert ráð fyrir sem er aukning um 16%. Af þessu leiðir að afkoma ársins 2020 verður til muna lakari en áætlun fjárlaga. Nú er gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs nemi rúmum 270 ma.kr., eða 9,5% af VLF, í stað áætlunar fjárlaga um halla sem næmi einungis 0,3% af VLF.

| Þjóðhagsgrunnur              | Fjárlög      | ma.kr.         | br.           | Fjárlög     | % af VLF       | br.         |
|------------------------------|--------------|----------------|---------------|-------------|----------------|-------------|
|                              | 2020         | Áætlun<br>2020 |               | 2020        | Áætlun<br>2020 |             |
| Frumtekjur .....             | 900,3        | 785,5          | -114,8        | 29,3        | 27,5           | -1,8        |
| Frumgjöld .....              | 862,5        | 1.003,3        | 140,8         | 28,1        | 35,2           | 7,1         |
| <b>Frumjöfnuður .....</b>    | <b>37,8</b>  | <b>-217,7</b>  | <b>-255,6</b> | <b>1,2</b>  | <b>-7,6</b>    | <b>-8,9</b> |
| Vaxtatekjur .....            | 8,4          | 6,9            | -1,5          | 0,3         | 0,2            | 0,0         |
| Vaxtagjöld .....             | 56,0         | 59,4           | 3,4           | 1,8         | 2,1            | 0,3         |
| <b>Vaxtajöfnuður .....</b>   | <b>-47,6</b> | <b>-52,5</b>   | <b>-4,9</b>   | <b>-1,6</b> | <b>-1,8</b>    | <b>-0,3</b> |
| Heildartekjur .....          | 908,7        | 792,4          | -116,3        | 29,6        | 27,8           | -1,8        |
| Heildargjöld .....           | 918,5        | 1.062,7        | 144,2         | 29,9        | 37,2           | 7,4         |
| <b>Heildarjöfnuður .....</b> | <b>-9,8</b>  | <b>-270,3</b>  | <b>-260,5</b> | <b>-0,3</b> | <b>-9,5</b>    | <b>-9,2</b> |


Þær breytingar sem hafa orðið á áætlun ársins 2020 má að stærstu leyti rekja til viðbragða stjórnvalda við efnahagslegum áhrifum heimsfaraldursins. Þessi viðbrögð eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi hefur umfangi þjónustu, framkvæmda og tilfærslna verið haldið óbreyttu þrátt fyrir umtalsvert tekjufall. Í öðru lagi hefur verið gripið til margvíslegra mótvægisáðgerða, t.d. greiðslu atvinnuleysisbóta á móti skertu starfshlutfalli, greiðslu hluta launa á uppsagnarfresti, greiðslu tekjufallsstyrkja og aukinna fjárfestinga. Áhrif þessara mótvægisáðgerða til lækkunar á afkomu ríkissjóðs nema tæpum 103 ma.kr. eða 3,6% af VLF. Í þriðja lagi hafa sjálfvirkir sveiflujafnarar ríkisfjármálanna fengið að virka óheftir í formi minni skattheimtu og aukinna útgjalda vegna atvinnuleysis en þeir leiða til 117 ma.kr. afkomulækkunar, eða 4,1% af VLF. Þessi stefnumörkun um öflugt hagstjórnarviðbragð ríkisfjármálanna hefur ásamt aðgerðum Seðlabankans dregið úr efnahagssamdrættinum og þar með efnahagslegum kostnaði fyrir allt samfélagið. Nánar er fjallað um breytingar á tekju- og útgjaldahlíð í köflum 4.2 og 4.3.

Afkomuhorfur ríkissjóðs árið 2020 voru síðast áætluð samhliða vinnslu fjárlagafrumvarps ársins 2021 sem lagt var fyrir Alþingi þann 1. október sl. Við endurmat á horfum nú hefur verið tekið tillit til uppfærðra útgjaldaáætlana, auk þess sem umfang og áhrif mótvægisáðgerða á afkomu ríkissjóðs hafa verið endurmetin. Þá hefur tekjuáætlun verið uppfærð miðað við nýjustu upplýsingar um álagningu og innheimtu og endurmat áðgerða. Í samanburði við fyrra mat eru afkomuhorfur ríkissjóðs árið 2020 nær óbreyttar, eða um 1 ma.kr. lakari. Hins vegar benda horfur nú til þess að tekjur verði um 24 ma.kr. hærrí en samkvæmt fyrri horfum og útgjöld um 25 ma.kr. hærrí. Hækkun tekjuáætlunarinnar skýrist einkum af annars vegar minni samdrætti launastofnsins á síðasta þriðjungi ársins en gert var ráð fyrir og hins vegar af

endurmati á umfang þess að lögaðilar nýti heimild til að afturfæra vænt rekstrartap 2020 á móti skattskyldum hagnaði af rekstri 2019. Á gjaldahlið hefur verið tekið tillit til nýrra útgjaldamála sem tilgreind eru í þessu fjárukalagafrumvarpi, en á móti vegur að hluta lækkun á áætluðu umfangi fyrri mótvægisráðstafna, einkum greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti sem lækkar um 9 ma.kr.

## 4.2. Tekjur

Heildartekjur ársins 2020 eru áætlaðar 792,4 ma.kr., eða sem nemur 27,8% af VLF. Er það ríflega 116 ma.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Endurmatið byggist á þjóðhagssþá sem uppfærð var í september og upplýsingum um álagningu og innheimtu skatttekna það sem af er ári til þess að nálgast sem raunhæfast mat á skattstofnum ársins. Endurmatið endurspeglar hversu gríðarlegt áfall heimsfaraldurinn er íslensku hagkerfi og þar með tekjustofnum ríkissjóðs.



Skattar og tryggingagjöld lækka um ríflega 87 ma.kr. frá fjárlögum. Veltuskattar lækka um 53,7 ma.kr. en þar vegur þyngst lækkun virðisaukaskatts um 46,9 ma.kr. Birtist í lækkuninni sá mikli samdráttur sem orðið hefur í veltu og neyslu innanlands á árinu samhliða fækkun ferðamanna og takmörkunum á innlendra starfsemi, jafnvel þótt einkaneysla Íslendinga innanlands hafi aukist. Breytt staða á vinnumarkaði og sjálfvirk sveiflujöfnun í skattkerfinu veldur því að tryggingagjöld lækka um tæplega 8 ma.kr. og tekjuskattar um ríflega 27 ma.kr. frá fjárlögum, þar af tekjuskattur einstaklinga um 12 ma.kr. Á móti því vegur tekjuskattur af sérstökum úttektum séreignarsparnaðar sem heimilaðar voru vegna faraldursins, en áætlað er að þær úttektir auki greiðslur tekjuskatts um 5 ma.kr. Endurmat tekjuskatts lögaðila byggist m.a. á nýjum upplýsingum um álagningu opinberra gjalda og verða tekjur þar 9 ma.kr. lægri en í áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að vörugjöld á bíla og bensín lækki um 4 ma.kr. frá fjárlögum og tekjur af olíu- og kolefnisgjaldi um 1,6 ma.kr.

Tekjur utan skatttekna lækka um tæpa 29 ma.kr. frá fjárlögum. Munar þar mest um að horfið er frá liðlega 32 ma.kr. ráðgerðum arðgreiðslum samtals frá Íslandsbanka og Landsbanka sem hefðu leitt til 23 ma.kr. tekjufærslu á GFS-grunni samkvæmt áætlun fjárlaga. 10 ma.kr.

arðgreiðsla frá Landsvirkjun stendur hins vegar óbreytt. Áhrif breyttrar stöðu í hagkerfinu koma einnig fram í tekjum ríkissjóðs af sölu á vöru og þjónustu en gert er ráð fyrir að lækkun þeirra nemi um 3,6 ma.kr.

Til að styðja og örva heimili og fyrirtæki andspænis veirufaraldrinum var gripið til nokkurra aðgerða í skattamálum vorið 2020. Þar af hafa eftirfarandi aðgerðir bein lækkunaráhrif á tekjur ríkissjóðs á árinu 2020: Niðurfelling gistináttagjalds og tollafgreiðslugjalds, heimild lögaðila til að afturfæra vænt tap 2020 á móti hagnaði fyrra árs og verulega auknar endurgreiðsluheimildir VSK. Greiðslufrestir á VSK í tolli og niðurfellingar álags í VSK hafa hins vegar einungis tímabundin áhrif innan hvers uppgjörstímabils VSK í senn. Áhrif beinna lækkana, niðurfellinga og endurgreiðslna vegna faraldursins á tekjur ársins 2020 eru nú áætluð um 6 ma.kr. lækkun á rekstrargrunni, en séu 5 ma.kr. jákvæð hliðaráhrif af úttektum séreignarsparnaðar á tekjuskatt einstaklinga meðtalin verður tekjulækkunin samtals 1 ma.kr. Á greiðslugrunni eru áhrifin meiri eða alls 14 ma.kr. lækkun þar sem við bætast áhrif frestana staðgreiðslu launagreiðenda til næsta árs sem nú er áætlað að nemi 12 ma.kr. fyrir ríkissjóð, auk 9 ma.kr. frestunar útsvars sveitarfélaga.

### 4.3 Gjöld

Heildarútgjöld ársins 2020 eru áætluð 1.063 ma.kr. eða um 37,2% af VLF sem er um 144 ma.kr. hærra en áætlun fjárlaga. Hækkun útgjalda má að stærstu leyti rekja til mótvægisáðgerða stjórnvalda auk hærri útgjalda vegna atvinnuleysis.

Á útgjaldahlíð ríkissjóðs er heildarumfang mótvægisráðstafana áætlað um 102 ma.kr. eða 3,6% af VLF. Tekið hefur verið tillit til nýtingar á fyrirliggjandi úrræðum, en fjárheimildir vegna þeirra byggðu, vegna óvissu í mörgum tilfellum, á ytri mögulegum mörkum nýtingar frekar en áætlun um nýtingu. Auk þess hafa komið fram nýjar aðgerðir sem eru meðal tillagna í þessu fjárukalagafrumvarpi en fjárhæð þeirra nemur ríflega 29 ma.kr. Þar vega þyngst 23,3 ma.kr. tekjufallsstyrkir en auk þeirra er lagt til að veita rúmlega 2,1 ma.kr. í aukin framlög til að veita sveitarfélögum fjárhagslega viðspyrnu, sbr. yfirlýsingu í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga vegna fjármálaáætlunar 2021–2025. Enn fremur er lagt til að veita 2,1 ma.kr. vegna tímabundinnar lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta ásamt rúmlega 0,9 ma.kr. framlagi vegna bóluefnis við COVID-19. Loks er gert ráð fyrir 0,3 ma.kr. viðbót vegna ýmissa félagslegra úrræða.

Kostnaður vegna atvinnuleysis umfram áætlun fjárlaga ársins 2020 er áætlaður 29,5 ma.kr. eða um 1% af VLF, ef frá eru talin kostnaðaráhrif kerfisbreytinga sem boðuð hafa verið, s.s. um lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Það er sambærileg fjárhæð og fyrra matið sem birt var í greinargerð með fjárlagafrumvarpi ársins 2021. Aukin útgjöld vegna atvinnuleysis á þennan mælikvarða teljast til sjálfvirkra sveiflujafnara ríkisfjármálanna en nánar er fjallað um hlutverk þeirra í rammagrein 1 í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025.

Aðrir kostnaðarliðir umfram áætlun fjárlaga nema 12,6 ma.kr. eða um 0,4% af VLF. Þar af má rekja ríflega 10 ma.kr. til aukins kostnaðar málefna sviða vegna COVID-19 sem stjórnvöld hafa ákveðið að fjármagna að fullu, m.a. til heilbrigðismála og almannavarna. Önnur útgjöld umfram áætlun fjárlaga nema um 2 ma.kr. þegar tekið hefur verið tillit til tæplega 11 ma.kr. nýtingar af varasjóði og annarra liða sem eru innan fjárheimilda. Þar vega þungt áhrif gengisbreytinga sem leitt hafa til um 4 ma.kr. hækkunar útgjalda auk hækkunar vaxtagjalda um 3,4 ma.kr. vegna hækkandi skuldastöðu og endurmats á reiknuðum vöxtum vegna lífeyrisskuldbindinga.

Nánari sundurliðun yfir breytingar á tekjum og útgjöldum ríkissjóðs frá áætlun fjárlaga ársins 2020 er að finna í töflunni hér á eftir.

| Horfur 2020   | ma.kr.         | p.a.<br>mótv. aðg. | p.a.<br>endurmat | p.a.<br>sjálf. sv. |
|---|----------------|--------------------|------------------|--------------------|
| <b>Heildartekjur fjárlög 2020</b> .....                   | <b>908,7</b>   |                    |                  |                    |
| Endurmat skatta og tryggingagjald .....                   | -86,7          |                    | 1,0              | -87,7              |
| Endurmat á arði .....                                     | -23,1          |                    | -23,1            |                    |
| Aukin VSK endurgreiðsla v. viðhalds ofl. ....             | -4,7           | -4,7               |                  |                    |
| Aðrar tekjubreytingar utan skatta .....                   | -4,1           |                    | -4,1             |                    |
| Breyting vaxtatekna .....                                 | -1,5           |                    | -1,5             |                    |
| Lögaðilar afturfæranlegt tap .....                        | -1,0           | -1,0               |                  |                    |
| Niðurfelling gistináttaskatts .....                       | -0,3           | -0,3               |                  |                    |
| Niðurfelling tollafgreiðslugjalds .....                   | -0,2           | -0,2               |                  |                    |
| Útgreiðsla séreignarsparnaðar .....                       | 5,3            | 5,3                |                  |                    |
| <b>Samtals tekjur</b> .....                               | <b>792,4</b>   | <b>-0,9</b>        | <b>-27,7</b>     | <b>-87,7</b>       |
| <b>% af VLF</b> .....                                     | <b>27,8%</b>   | <b>0,0%</b>        | <b>-1,0%</b>     | <b>-3,1%</b>       |
| <b>Heildargjöld fjárlög 2020</b> .....                    | <b>918,5</b>   |                    |                  |                    |
| Aukið atvinnuleysi .....                                  | 29,5           |                    |                  | 29,5               |
| Tekjufallsstyrkir .....                                   | 23,3           | 23,3               |                  |                    |
| Atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli .....    | 22,0           | 22,0               |                  |                    |
| Flýting framkvæmdaverkefna .....                          | 17,9           | 17,9               |                  |                    |
| Greiðsla hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti .....     | 12,1           | 12,1               |                  |                    |
| Ýmis félags- og heilbrigðismál .....                      | 5,7            | 5,7                |                  |                    |
| Náms- og starfsúrræði .....                               | 5,0            | 5,0                |                  |                    |
| Barnabótaauki .....                                       | 3,1            | 3,1                |                  |                    |
| Markaðsátak innanlands og erlendis .....                  | 3,0            | 3,0                |                  |                    |
| Mótvægisáðgerðir til sveitarfélaga skv. yfirlýsingu ..... | 2,1            | 2,1                |                  |                    |
| Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar .....                | 2,1            | 2,1                |                  |                    |
| Framlenging á tekjutengdan atvinnuleysisbótarétt .....    | 2,1            | 2,1                |                  |                    |
| Stuðningur við nýsköpun og þróun .....                    | 1,4            | 1,4                |                  |                    |
| Styrkur vegna lokunar .....                               | 1,0            | 1,0                |                  |                    |
| Framlag vegna bóluefnis gegn COVID-19 .....               | 0,9            | 0,9                |                  |                    |
| Greiðslur launa í sóttkví .....                           | 0,4            | 0,4                |                  |                    |
| Annar kostnaður vegna COVID-19 .....                      | 10,6           |                    | 10,6             |                    |
| Aðrar útgjaldabreytingar, nettó .....                     | 2,0            |                    | 2,0              |                    |
| <b>Samtals gjöld</b> .....                                | <b>1.062,7</b> | <b>102,1</b>       | <b>12,6</b>      | <b>29,5</b>        |
| <b>% af VLF</b> .....                                     | <b>37,2%</b>   | <b>3,6%</b>        | <b>0,4%</b>      | <b>1,0%</b>        |
| <b>Heildarjöfnuður</b> .....                              | <b>-270,3</b>  | <b>-103,0</b>      | <b>-40,3</b>     | <b>-117,2</b>      |
| <b>% af VLF</b> .....                                     | <b>-9,5%</b>   | <b>-3,6%</b>       | <b>-1,4%</b>     | <b>-4,1%</b>       |

#### 4.4 Lánsfjármál

Heildarskuldir ríkissjóðs verða um 1.251 ma.kr. í árslok 2020 gangi endurskoðaðar áætlanir eftir. Skuldahlutfall ríkissjóðs samkvæmt lögum um opinber fjármál verður þá um 34,6% af VLF. Í fjárlögum fyrir árið 2020 var gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda ríkissjóðs og að þær myndu nema um 820 ma.kr. í árslok 2020. Þar var gert ráð fyrir lántökum fyrir 40 ma.kr. á árinu en vegna neikvæðra áhrifa COVID-19 á afkomu ríkissjóðs og stækkunar gjaldeyrisvaraförða hefur lántaka á árinu verið endurmetin í 436 ma.kr. Þar af nemur innlend lántaka 359 ma.kr. og samanstandur af útgáfu ríkisskuldabréfa fyrir um 169 ma.kr., nettóútgáfu ríkisvíxla fyrir um 95 ma.kr. og lánnum frá ÍL-sjóði 95 ma.kr. Í fjárlögum ársins 2020 var ekki gert ráð fyrir erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu. Ríkissjóður gaf engu að síður út skuldabréf í maí 2020 að fjárhæð 500 milljónir evra sem samsvaraði um 76 ma.kr. Skuldabréfið ber 0,625%

fasta vexti og er ein af þremur útistandandi jafn stórum skuldabréfaútgáfum ríkissjóðs í evrum. Vextir hafa lækkað mikið vegna faraldursins. Af þeim sökum hækka vaxtagjöld ársins hlutfallslega umtalsvert minna en skuldir. Áætluð skuldastaða ríkissjóðs í árslok 2020 er um 53% hærri en reiknað var með í fjárlögum á meðan vaxtagjöld og verðbætur eru aðeins um 3,5% hærri.



## Greinargerð við einstaka málaflokka.

Í þessum hluta er farið yfir athugasemdir um breytingar á fjárheimildum einstakra málefna sviða og málaflokka í frumvarpinu. Nýju útgjaldatalefnin teljast uppfylla skilyrði 26. gr. laga um opinber fjármál en ekki var mögulegt að bregðast við með því að nýta önnur úrræði, svo sem varasjóði málaflokka eða með breyttri forgangs röðun verkefna.

Hluti breytinganna felst í innbyrðis leiðréttingu á hagrænni skiptingu fjárheimilda málefna sviða og málaflokka en þar er einkum um að ræða breytingar á fjárfestingarframlögum yfir í rekstrarframlög til samræmis við áætlað uppgjör viðkomandi liða í ríkisreikningi. Í næstu töflu má sjá tillögur að breytingum á hagrænu skiptingunni en þessar leiðréttingar hafa hvorki áhrif á heildarheimildir málefna sviða og málaflokka né afkomu ríkissjóðs.

Samtölur málefna sviða og málaflokka fela í einhverjum tilvikum í sér breytingar vegna endurmats launa vegna afturvirkra kjarasamninga fyrir árin 2019 og 2020. Ekki er sérstaklega gerð grein fyrir þeim breytingum í skýringum en yfirlit breytinga eftir málaflokkum má sjá í þarnaestu töflu.

Í umfjölluninni um einstaka málaflokka hér á eftir um helstu breytingar frumvarpsins er ekki gerð grein fyrir þessum fyrrgreindu leiðréttingum heldur er þar fyrst og fremst fjallað um breytingar á sértækum útgjaldamálum málefna sviða og málaflokka, og eftir atvikum millifærslu fjárheimilda milli málefna sviða og málaflokka.

| Rekstrargrunnur, m.kr.   | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfesting-<br>arframlög | Heildar-<br>fjárheimild |
|--|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|-------------------------|
| <b>03 Æðsta stjórnarsýsla.....</b>                             | <b>-50,0</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>50,0</b>               | <b>0,0</b>              |
| 03.10 Embætti forseta Íslands.....                             | -32,0                | 0,0                     | 0,0                      | 32,0                      | 0,0                     |
| 03.30 Forsætisráðuneyti.....                                   | -18,0                | 0,0                     | 0,0                      | 18,0                      | 0,0                     |
| <b>04 Utanríkismál.....</b>                                    | <b>-2,0</b>          | <b>2,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,0</b>              |
| 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála.....    | -2,0                 | 2,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| <b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.....</b>              | <b>63,1</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>-63,1</b>              | <b>0,0</b>              |
| 05.10 Skattar og innheimta.....                                | 63,1                 | 0,0                     | 0,0                      | -63,1                     | 0,0                     |
| <b>09 Almanna- og réttaröryggi.....</b>                        | <b>-175,3</b>        | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>175,3</b>              | <b>0,0</b>              |
| 09.10 Löggæsla.....  | -155,0               | 0,0                     | 0,0                      | 155,0                     | 0,0                     |
| 09.20 Landhelgi.....   | -15,3                | 0,0                     | 0,0                      | 15,3                      | 0,0                     |
| 09.30 Ákærvald og réttarvarsla .....                           | -5,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 5,0                       | 0,0                     |
| <b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál.....</b>                      | <b>-30,0</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>30,0</b>               | <b>0,0</b>              |
| 11.10 Samgöngur.....   | 10,0                 | 0,0                     | 0,0                      | -10,0                     | 0,0                     |
| 11.20 Fjarskipti.....  | -40,0                | 0,0                     | 0,0                      | 40,0                      | 0,0                     |
| <b>16 Markaðseftirlit, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála.....</b> | <b>3,8</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>-3,8</b>               | <b>0,0</b>              |
| 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál.....                      | 3,8                  | 0,0                     | 0,0                      | -3,8                      | 0,0                     |
| <b>18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál.....</b>       | <b>-20,0</b>         | <b>20,0</b>             | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,0</b>              |
| 18.20 Menningarstofnanir.....                                  | -20,0                | 20,0                    | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| <b>19 Fjölmiðlun.....</b>                                      | <b>-400,0</b>        | <b>400,0</b>            | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,0</b>              |
| 19.10 Fjölmiðlun .....   | -400,0               | 400,0                   | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| <b>23 Sjúkrahúsþjónusta.....</b>                               | <b>245,1</b>         | <b>-21,1</b>            | <b>0,0</b>               | <b>-224,0</b>             | <b>0,0</b>              |
| 23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta.....                           | 245,1                | -21,1                   | 0,0                      | -224,0                    | 0,0                     |
| <b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa.....</b>             | <b>-70,0</b>         | <b>70,0</b>             | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,0</b>              |
| 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun.....                         | -45,0                | 45,0                    | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| 24.40 Sjúkraflutningar.....                                    | -25,0                | 25,0                    | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| <b>26 Lyf og lækningavörur.....</b>                            | <b>-110,0</b>        | <b>110,0</b>            | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,0</b>              |
| 26.10 Lyf.....   | -40,0                | 40,0                    | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| 26.30 Hjálpartæki .....  | -70,0                | 70,0                    | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| <b>32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála.....</b>        | <b>9,2</b>           | <b>-9,2</b>             | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,0</b>              |
| 32.20 Jafnréttismál .....                                      | 9,2                  | -9,2                    | 0,0                      | 0,0                       | 0,0                     |
| <b>34 Almennur varasjóður og sért. fjárráðstafanir.....</b>    | <b>0,0</b>           | <b>0,0</b>              | <b>295,0</b>             | <b>-295,0</b>             | <b>0,0</b>              |
| 34.20 Sértækar fjárráðstafanir Total.....                      | 0,0                  | 0,0                     | 295,0                    | -295,0                    | 0,0                     |
| <b>Samtals.....</b>  | <b>-536,1</b>        | <b>571,7</b>            | <b>295,0</b>             | <b>-330,6</b>             | <b>0,0</b>              |

| Launauppfærsla, m.kr.  | Gjöld         | Tekjur      | Alls          |
|--|---------------|-------------|---------------|
| <b>04 Utanríkismál</b> .....                                       | <b>-26,4</b>  |             | <b>-26,4</b>  |
| 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála .....          | -19,2         |             | -19,2         |
| 04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál .....                      | -7,2          |             | -7,2          |
| <b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla</b> .....                 | <b>-56,3</b>  | <b>2,4</b>  | <b>-53,9</b>  |
| 05.10 Skattar og innheimta .....                                   | -36,7         |             | -36,7         |
| 05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins .....                               | -8,8          | 2,4         | -6,4          |
| 05.40 Stjórnýsla ríkisfjármála .....                               | -10,8         |             | -10,8         |
| <b>06 Hagskýrslugerð og grunnskrár</b> .....                       | <b>-20,7</b>  | <b>3,9</b>  | <b>-16,8</b>  |
| 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál .....            | -20,7         | 3,9         | -16,8         |
| <b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b> .....           | <b>-8,6</b>   | <b>4,3</b>  | <b>-4,3</b>   |
| 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar .....                | -8,6          | 4,3         | -4,3          |
| <b>09 Almanna- og réttaröryggi</b> .....                           | <b>-45,6</b>  | <b>0,1</b>  | <b>-45,5</b>  |
| 09.10 Löggæsla .....   | -45,6         | 0,1         | -45,5         |
| <b>10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála</b> .....     | <b>-17,8</b>  |             | <b>-17,8</b>  |
| 10.30 Sýslumenn .....  | -6,6          |             | -6,6          |
| 10.40 Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis .....                          | -5,2          |             | -5,2          |
| 10.50 Útlendingamál .....  | -6,0          |             | -6,0          |
| <b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál</b> .....                         | <b>-19,5</b>  | <b>4,0</b>  | <b>-15,5</b>  |
| 11.10 Samgöngur .....  | -14,4         | 4,0         | -10,4         |
| 11.30 Stjórnýsla samgönguráðuneytis .....                          | -5,1          |             | -5,1          |
| <b>12 Landbúnaður</b> .....  | <b>-13,6</b>  |             | <b>-13,6</b>  |
| 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála .....                               | -13,6         |             | -13,6         |
| <b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b> .....                          | <b>-18,3</b>  | <b>5,8</b>  | <b>-12,5</b>  |
| 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi .....           | -18,3         | 5,8         | -12,5         |
| <b>16 Markaðseftirlit, neytdamál og stj.sýsla atv.mála</b> .....   | <b>-12,5</b>  | <b>0,0</b>  | <b>-12,5</b>  |
| 16.10 Markaðseftirlit og neytdamál .....                           | -5,5          |             | -5,5          |
| 16.20 Stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar .....                   | -7,0          | 0,0         | -7,0          |
| <b>17 Umhverfismál</b> .....                                       | <b>-49,8</b>  | <b>6,9</b>  | <b>-42,9</b>  |
| 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla .....                  | -13,8         | 3,6         | -10,2         |
| 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands .....                 | -17,3         | 3,3         | -14,0         |
| 17.50 Stjórnýsla umhverfismála .....                               | -18,7         |             | -18,7         |
| <b>18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál</b> .....           | <b>-9,1</b>   |             | <b>-9,1</b>   |
| 18.10 Safnamál .....   | -9,1          |             | -9,1          |
| <b>20 Framhaldsskólastig</b> .....                                 | <b>-121,7</b> |             | <b>-121,7</b> |
| 20.10 Framhaldsskólar .....  | -121,7        |             | -121,7        |
| <b>21 Háskólastig</b> .....  | <b>-174,4</b> | <b>40,0</b> | <b>-134,4</b> |
| 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi .....                         | -174,4        | 40,0        | -134,4        |
| <b>22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menn.mála</b> ..... | <b>-14,4</b>  | <b>2,0</b>  | <b>-12,4</b>  |
| 22.30 Stjórnýsla mennta- og menningarmála .....                    | -14,4         | 2,0         | -12,4         |
| <b>23 Sjúkrahúspjónusta</b> .....                                  | <b>111,6</b>  |             | <b>111,6</b>  |
| 23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta .....                              | 100,2         |             | 100,2         |
| 23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta .....                               | 11,4          |             | 11,4          |
| <b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa</b> .....                | <b>28,8</b>   |             | <b>28,8</b>   |
| 24.10 Heilsugæsla .....  | 28,8          |             | 28,8          |
| <b>25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta</b> .....                | <b>80,0</b>   |             | <b>80,0</b>   |
| 25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými .....                               | 80,0          |             | 80,0          |
| <b>29 Fjölskyldumál</b> .....                                      | <b>-7,0</b>   |             | <b>-7,0</b>   |
| 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn .....               | -7,0          |             | -7,0          |
| <b>Heildarsumma</b> .....  | <b>-395,3</b> | <b>69,4</b> | <b>-325,9</b> |

## 02 Dómstólar

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 20 m.kr.

### 02.3 Landsréttur

Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun fjárveitinga til að mæta launakostnaði vegna setningar dómara í stað þeirra sem ekki hafa getað sinnt störfum sínum síðan í mars 2019 þegar dómur féll hjá Mannréttindadómstóli Evrópu.

## 03 Æðsta stjórnýsla

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 20 m.kr.

### 03.3 Forsætisráðuneyti

Forsætisráðuneytið hefur séð um samhæfingu innan Stjórnarráðsins vegna COVID-19 faraldursins. Margvísleg verkefni hafa ratað inn á borð ráðuneytisins á árinu sem voru ófyrirséð við gerð fjárlaga fyrir árið 2020. Er því lagt til að 20 m.kr. verði veittar vegna óvænts útlagðs kostnaðar og verkefna sem tengjast aðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 á yfirstandandi ári. Varasjóður er ekki til staðar vegna málaflokksins.

## 04 Utanríkismál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 2,6 m.kr.

### 04.1 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 9,8 m.kr. Farið er fram á 29 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna ráðningar starfsmanns sem leiðir formennsku Íslands í Evrópuráðinu 2022–2023 og önnur sérverkefni í framhaldi af því. Fjárveitingin er ekki hluti af framlagi sem þegar hefur verið veitt til verkefnisins og er ætlað að standa straum af tímabundnum útgjöldum vegna verkefnisins. Sérfræðingurinn kom til starfa í ráðuneytið í upphafi árs 2020 með nokkuð stuttum fyrirvara og því hafði ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum að fullu vegna hans á yfirstandandi ári.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 170,7 m.kr.

### 05.4 Stjórnýsla ríkisfjármála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 216,2 m.kr.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 120 m.kr. viðbótarframlag á árinu 2020 vegna samningsins við Microsoft, en innleiðingu á nýju skrifstofuumhverfi ríkisins vegna COVID-19 var flýtt. Til viðbótar er óskað eftir 260 m.kr. hækkun á greiðsluheimild til að mæta greiðsluhalla vegna uppgjörs við stofnanir. Hér er um einskisgreiðslur að ræða. Hvað varðar greiðsluþátttöku stofnana er gert ráð fyrir að þær taki þátt í greiðslu á samningnum við Microsoft en innheimtur hafa ekki verið eins og áætlað var, m.a. vegna flókinna leyfisskipulaga hjá aðilum, einkum Landspítalanum. Ljóst er að kostnaður Landspítala vegna COVID-19 gerir það að verkum að ekki er talið svigrúm hjá spítalanum til að greiða útistandandi kostnað. Varðandi flýtingu á innleiðingu hugbúnaðarpakka Microsoft ákvað fjármála- og efnahagsráðuneytið í upphafi kórónuveirufaraldursins að hraða innleiðingunni til að mæta þörfum stofnana vegna stórauðvinnar fjarvinnu starfsmanna. Nýtt skrifstofuumhverfi ríkisins hefur leikið lykhillutverk í starfi stofnana undanfarið og hefur gert starfsmönnum þeirra kleift að vinna að heiman með skilvirkum og öruggum hætti.

Í öðru lagi er lagt til að fjárheimildin hækki um 92 m.kr. vegna sameiginlegs kostnaðar sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur tekið á sig vegna ýmissa verkefna sem snúa að viðbrögðum er varða heimsfaraldur kórónuveiru. Um er að ræða kostnað vegna t.d. sérfræðivinnu í tengslum við Ícelandair og kynninga sem ríkisstjórnin hefur haldið í tengslum við faraldurinn.

Í þriðja lagi er lagt til að fjárheimildin verði aukin um 15 m.kr. vegna kostnaðar við eftirlitsnefnd með stuðningslánum. Um er að ræða nefnd sem ráðherra skipar skv. 21. gr. laga nr. 38/2020 og kemur fram í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um ríkisábyrgðir.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020. Varasjóður málaflokksins verður fullnýttur á árinu 2020.

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 104 m.kr.

### 08.1 Framlög til sveitarfélaga

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 104 m.kr. þar sem vegast á tvö megintilefni til lækkunar og hækkunar.

Annars vegar er gerð tillaga um 2.036 m.kr. lækkun framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum ríkisins og útsvarstofn ársins 2020. Áætluð lögbundin greiðsla til sjóðsins er 19.085 m.kr. en það er sem fyrr segir 2.036 m.kr. lægri upphæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2020.

Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að veita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2.140 m.kr. aukið framlag á grundvelli yfirlýsingar formanna ríkisstjórnarflokkanna sem var gefin út samhliða samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um afkomumarkmið og efnahag sveitarfélaga árin 2021–

2025 í lok september sl. Um er að ræða einskisframlag sem miðar að því að veita sveitarfélögunum fjárhagslega viðspyrnu og til að verja lögbundna grunnþjónustu og er ætlað að fara til fjögurra afmarkaðra verkefna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að veitt verði 500 m.kr. framlag til stuðnings þeim sveitarfélögum sem glíma við hvað mesta fjárhagserfiðleika vegna COVID-19 faraldursins. Framlöggin verði veitt í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og eftir atvikum Lánasjóð sveitarfélaga. Greining starfshóps stjórnvalda leiðir í ljós misjafna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Mörg þeirra eru í góðum færum til að takast á við áskoranirnar meðan önnur standa verr að vígi, m.a. vegna neikvæðrar íbúapróunar, lágra skatttekna og skuldastöðu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að veitt verði 670 m.kr. aukaframlag á árinu 2020 sem varið verði til framlaga til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks. Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks verði um 670 m.kr. lægri en ráð var fyrir gert í upphafi árs. Astæður eru annars vegar lækking útsvars ársins og hins vegar lægri framlög ríkissjóðs til verkefnisins.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að veitt verði 720 m.kr. viðbótarframlag á árinu 2020 sem renni til sveitarfélaga þar sem kostnaður við fjárhagsaðstoð er yfir nánar tilgreindum mörkum. Samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga 2019 námu útgjöld sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar 3,7 ma.kr. á síðasta ári en þar af nam fjárhæðin 2,4 ma.kr. hjá Reykjavíkurborg. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áætlað að útgjöldin gætu aukist um allt að 30% á landsvísi á milli ára og er framlaginu ætlað að koma til móts þá þróun.

Loks er í fjórða lagi gert ráð fyrir að veitt verði 250 m.kr. framlag sem styðji við stefnumarkandi áætlun stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins og aukna sjálfbærni þess með sameiningum sveitarfélaga. Hluti framlagsins verði nýttur til umbóta á sviði stafræna lausna hjá þeim sveitarfélögum sem fara í sameiningarferli á næstu tveimur árum. Áætlað er að veita samtals 935 m.kr. til þessara verkefna á árunum 2020–2022.

## 09 Almanna- og réttaröryggi

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 788,7 m.kr.

### 09.1 Löggæsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 701,6 m.kr.

Gert er ráð fyrir að veitt verði 552,9 m.kr. aukið framlag til ríkislögreglustjóra til að mæta auknum kostnaði vegna áhrifa COVID-19. Tillögunni er aðallega ætlað að mæta auknum kostnaði við uppsetningu sérstakrar samhæfingar- og stjórnstöðvar vegna COVID-19, smitakningarteymis, upplýsingamiðstöðvar Almanna og varastöðvar fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Fjölga hefur þurft starfsfólki almanna varnadeildar, auk þess sem mikill aukakostnaður hefur fallið til vegna vinnu starfsmanna sem hafa verið lánaðir frá öðrum einingum. Þá er mikill kostnaður vegna upplýsingamiðlunar til almennings, svo sem vegna auglýsingakostnaðar. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum vegna almanna varna miðast eingöngu við hefðbundinn daglegan rekstur. Þannig eru ekki til staðar fjárveitingar til þess að bregðast við viðamiklum almanna varnaaðgerðum við neyðarástand.

Gert er ráð fyrir að veitt verði 155,4 m.kr. aukið framlag til lögregluembætta landsins til að mæta auknum kostnaði vegna viðamikilla og kostnaðarsamra ráðstafana til þess að tryggja örofinn rekstur lögregluvarna vegna COVID-19. Þannig hefur fallið til launakostnaður vegna

smitvarna, hólfana, tölvumála og fjölgunar ökutækja. Auk þess hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu átt aðkomu að smitrakningarteymi.

Gert er ráð fyrir að veitt verði 35,6 m.kr. aukið framlag til samræmdrar neyðarsvörunar vegna löggæslu til að mæta auknum kostnaði vegna áhrifa COVID-19.

Gerð er tillaga um 3,2 m.kr. millifærslu á málaflokkinn *Löggæsla* sem í fjárlögum 2020 var nýttur tímabundið til að milda aukna aðhaldskröfu á málaflokkinn *Landhelgi*.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 09.2 Landhelgi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 55,9 m.kr.

Gert er ráð fyrir að veita 59,1 m.kr. aukið framlag til Landhelgisgæslu Íslands til að mæta auknum kostnaði vegna áhrifa COVID-19. Tillögunni er aðallega ætlað að mæta auknum kostnaði við breytta mönnun vakta til að tryggja óhindraðan rekstur komi til sýkinga.

Gerð er tillaga um 3,2 m.kr. millifærslu á málaflokkinn *Löggæsla* sem í fjárlögum 2020 var nýttur tímabundið til að milda aukna aðhaldskröfu í málaflokki Landhelgi.

## 09.3 Ákærvald og réttarvarsla

Gerð er tillaga um 11,6 m.kr. hækkun framlags héraðssaksóknara til að mæta viðbótarkostnaði vegna COVID-19 sem aðallega er tilkominn vegna starfsmanna sem lánaðir voru í smitrakningu.

## 09.5 Fullnustumál

Gerð er tillaga um 19,6 m.kr. hækkun framlags til Fangelismálastofnunar til að mæta viðbótarkostnaði vegna COVID-19. Tillögunni er ætlað að mæta auknum kostnaði við breytta mönnun vakta til að tryggja óhindraðan rekstur komi til sýkinga auk annars kostnaðar vegna áhrifa farsóttarinnar.

# 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 436 m.kr.

## 10.4 Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 29,8 m.kr.

Gert er ráð fyrir að flytja 35 m.kr. framlag af málefna sviði 16 yfir á málefna svið 10 vegna aðgerða til að sporna við kennitöluflakki. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur undanfarin misseri unnið að því, í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og dómsmálaráðuneytið, að bregðast við tillögum SA og ASÍ um leiðir til að sporna við kennitöluflakki í atvinnurekstri. Framangreindar tillögur lúta bæði að lagabreytingum, breytingum á framkvæmd opinberra aðila og fræðslu en þyngst vegur tillaga um tímabundið bann við aðkomu einstaklings að rekstri félags með takmarkaða ábyrgð í tilteknum tilvikum. Nú hefur komið í ljós að útgjöldin vegna aðgerðanna munu falla til hjá dómsmálaráðuneytinu og er því fralagið flutt yfir frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu yfir til dómsmálaráðuneytisins.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 10.5 Útlendingamál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 412,8 m.kr.

Gerð er tillaga um 418,8 m.kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd sem er meiri en ráð var fyrir gert. Þar munar mest um aukinn leigu- og launakostnað. Af þeirri fjárhæð má rekja 19,1 m.kr. kostnað beint til COVID-19 ráðstafana en leigja þurfti aðstöðu fyrir skimanir og sett var upp ný vinnuástaða og viðtalsherbergi. Heimsfaraldurinn hafði líka í för með sér fækkun þeirra sem sækja um vernd á Íslandi. Á öðrum ársfjórðungi 2020 voru umsóknir 20% af umsóknum ársins 2019 á sama tímabili. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að umsækjendur árið 2020 verði um 90% af fjöldanum 2019 en kostnaður vegna þjónustunnar lækkar á hinn bóginn ekki til samræmis.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 170,5 m.kr.

### 11.1 Samgöngur

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 125,6 m.kr.

Gerð er tillaga um viðbótarframlag að fjárhæð 140 m.kr. vegna reksturs Vestmannaeyjaferju en fjölga þarf í áhöfn hennar. Fjölga þarf um þrjú starfsmenn á hverri vakt sem þýðir að starfsmönnum fjölgar um níu. Óhjákvæmilegur kostnaður vegna þessa er metinn á 140 m.kr. Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

### 11.2 Fjarskipti

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 50 m.kr. sem skýrist af viðbótarframlagi til Farice vegna undirbúnings á lagningu nýs fjarskiptasæstrengs milli Íslands og Írlands. Áætlanir gerðu ráð fyrir að undirbúningsverkefnið myndi kosta um 266 m.kr. en vegna gengisveikingar krónunnar eru horfur á að verkefnið komi til með að kosta um 315 m.kr. Fáir Farice ekki bætt tjón vegna óhagstæðs gengis þarf að minnka umfang verkefnis sem felur í sér hættu á töfum á verkefninu og mögulegum kostnaðarauka síðar.

## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins lækki um 48,3 m.kr.

### 13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði hækkuð um 48,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að 30 m.kr. framlag verði flutt af málefna sviði 13 yfir á málefna svið 21 vegna samnings við

Landbúnaðarháskólann. Um er að ræða nánari útfærslu á 280 m.kr. framlagi í fjárlögum 2020 til eflingar á grunnrannsóknnum á sviði hafrannsóknna og matvælarannsóknna. Sams konar tillaga var gerð í fjárlagafrumvarpi 2021.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnarsýsla atvinnumála

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins lækki um 47,5 m.kr.

### 16.2 Stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 42 m.kr. Vegur þar þyngst að gert er ráð fyrir að flytja 35 m.kr. framlag af málefna sviði 16 yfir á málefna svið 10 vegna aðgerða til að sporna við kennitölflakki. Með því er brugðist við tillögum SA og ASÍ um leiðir til að sporna við kennitölflakki í atvinnurekstri. Framangreindar tillögur lúta bæði að lagabreytingum, breytingum á framkvæmd opinberra aðila og fræðslu en þyngst vegur tillaga um tímabundið bann við aðkomu einstaklings að rekstri félags með takmarkaða ábyrgð í tilteknum tilvikum. Nú hefur komið í ljós að útgjöldin vegna aðgerðanna munu falla til hjá dómsmálaráðuneytinu og er því framlagið flutt þangað frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 17 Umhverfismál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 2,8 m.kr. og greiðsluheimild um 149 m.kr. til viðbótar.

### 17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 13,8 m.kr. og skýrist lækkunin alfarið af endurútreikningi á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020. Því til viðbótar er lagt til að auka greiðsluheimildir málaflokksins um sem nemur 149 m.kr. vegna tapaðra rekstrartekna. Annars vegar er lagt til að veita Vatnajökulsþjóðgarði 68 m.kr. greiðsluheimild til að mæta neikvæðum áhrifum á rekstur vegna lækkunar rekstrartekna tengt fækkun ferðamanna í kjölfar heimsfaraldurs. Alls nemur lækkun tekna um 230 m.kr. á árinu frá upprunalegri áætlun stofnunarinnar sem var um 330 m.kr. eða sem nemur um 70% lækkun. Tekist hefur að milda áhrifin að hluta með lækkun kostnaðar og forgangsroðun fjármuna innan málefna sviðsins en ekki hefur náðst að fullu að bregðast við breyttum aðstæðum með öðrum aðgerðum.

Hins vegar er lagt til að veita þjóðgarðinum á Þingvöllum 81 m.kr. greiðsluheimild til að mæta neikvæðum áhrifum á rekstur vegna mikillar tekjulækkunar sem tengist fækkun ferðamanna vegna COVID-19 faraldursins. Alls nemur lækkun tekna um 255 m.kr. miðað við



upprunalega áætlun sem var um 590 m.kr. eða sem nemur 43%. Tekist hefur að milda áhrifin að hluta með lækkun kostnaðar og forgangsröðun fjármuna innan málefnasviðsins en ekki hefur náðst að fullu að bregðast við breyttum aðstæðum. Fjármögnun þjóðgarðsins er að stærstum hluta bundin öflun rekstrartekna og því er starfsemi hans viðkvæm fyrir umfangsmikilli tekjulækkun.

### **17.5 Stjórnsýsla umhverfismála**

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins verði aukin um 33,9 m.kr. Lagt er til að veittar verði 50 m.kr. vegna fyrirhugaðs umhverfissamnings við framleiðendur í minkarækt en til viðbótar liggur fyrir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leggi 10 m.kr. hvert í verkefnið á árinu 2020. Markmiðið með verkefninu er að kanna kosti minkaræktar til eyðingar á lífrænum úrgangi frá matvælaframleiðendum en verkefnið styður markmið stjórnvalda um aukaafurðir frá vinnslu kjöts og fisks, sbr. almenna stefnu um úrgangsförvarnir, Saman gegn sóun 2016–2027.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## **18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 260,9 m.kr. og greiðsluheimild um 384 m.kr. því til viðbótar.

### **18.1 Safnamál**

Lagt er til að veitt verði 87 m.kr. greiðsluheimild til Þjóðminjasafnsins vegna rekstrartekna sem hafa tapast. Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

### **18.2 Menningarstofnanir**

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins verði aukin um 270 m.kr. og greiðsluheimild um 297 m.kr. því til viðbótar. Í fyrsta lagi er lagt til að auka fjárheimild um 150 m.kr. vegna áhrifa heimsfaraldursins á rekstur Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík. Um er að ræða 54% hlut ríkisins. Til viðbótar er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg leggi fram 46%, 128 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild verði aukin um 70,2 m.kr. vegna rekstrar- og framkvæmdakostnaðar vegna faraldursins hjá ýmsum menningarstofnunum, nánar tiltekið Minjastofnun Íslands, Íslenska dansflokknum og Kvikmyndasjóðnum. Í þriðja lagi er lagt til að veita 48,9 m.kr. vegna aukins rekstrar- og framkvæmdakostnaðar hjá Þjóðleikhúsinu vegna faraldursins. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að auka greiðsluheimild stofnunarinnar um 297 m.kr. vegna tapaðra rekstrartekna.

## 19 Fjölmiðlun

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 55,2 m.kr.

### 19.1 Fjölmiðlun

Lagt er til að veitt verði 55,2 m.kr. fjárveiting til Ríkisútvarpsins vegna aukins kostnaðar í tengslum við aðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldursins.

## 20 Framhaldsskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 447,2 m.kr.

### 20.1 Framhaldsskólar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 447,2 m.kr. sem skýrist af tveim tilefnum. Annars vegar er lagt til að veita 550 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum landsins. Í kjölfar aukins atvinnuleysis vegna áhrifa heimsfaraldursins hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að framhaldsskólar tækju við fleiri nemendum sem sótt hafa um framhaldsskólanám. Framhaldsskólar hafa tekið vel í málaleitan stjórnvalda og reynist mismunur á fjölda framhaldsskólanemenda á haustönn 2019 og í september 2020 verða 1.340 reiknaðir nemendur í fullu námi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að mæta hluta kostnaðar með framlagi af uppsöfnuðum varasjóði málaflokksins. Hins vegar er lagt til að veittar verði 18,9 m.kr. vegna kostnaðar við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um grímunotkun í skólum landsins sem hluta af sóttvarnaráðstöfunum.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 21 Háskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 494,3 m.kr.

### 21.1 Háskólar og rannsóknarstarfsemi

Lagt er til að auka fjárheimildir málaflokksins um samtals 494,3 m.kr. sem skýrist af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að auka fjárheimildir um 500 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í háskólum landsins. Vegna atvinnuástands í tengslum við COVID-19 hefur ríkisstjórnin lagt mikil áhersla á að háskólar tækju við fleiri nemendum sem sótt hafa um háskólanám. Háskólar hafa tekið vel í málaleitan stjórnvalda og reynist mismunur á fjölda háskólanemenda í fjárlagafrumvarpi 2020 og haustönn 2020 vera rúmlega 1.800. Gert er ráð fyrir að unnt verði að mæta hluta kostnaðar með framlagi af uppsöfnuðum varasjóði málaflokksins. Í öðru lagi er lagt til að veita 120 m.kr. vegna aukins kostnaðar háskóla vegna aðgerða stjórnvalda vegna heimsfaraldursins. Um er að ræða flesta háskóla og er gert ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið dreifi fjárveitingu til þeirra. Þá er í þriðja lagi einnig gert ráð fyrir 18,7 m.kr. aukningu vegna kostnaðar við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um grímunotkun í

skólum landsins sem hluta af sóttvarnaráðstöfunum. Í fjórða lagi er óskað eftir að 30 m.kr. framlag verði flutt af málefnasviði *13 Sjávarútvegur og fiskeldi* vegna samnings við Landbúnaðarháskólann. Um er að ræða nánari útfærslu á 280 m.kr. framlagi sem kom inn við 1. umræðu fjárlaga ársins 2020 til eflingar á grunnrannsóknnum á sviði hafrannsóknna og matvælarannsóknna. Sams konar tillaga var gerð í fjárlagafrumvarpi ársins 2021.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 2 m.kr.

### **22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði hækkuð um 3 m.kr. vegna aukins kostnaðar Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra vegna aðgerða stjórnvalda vegna COVID-19.

### **22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 1 m.kr. Gerð er tillaga um 13,4 m.kr. hækkun vegna aukins kostnaðar Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna aðgerða stjórnvalda vegna COVID-19.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## **23 Sjúkrahúspjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 4.108,4 m.kr.

### **23.1 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta**

Lögð er til samtals 3.829 m.kr. viðbótarfjárveiting til málaflokksins. Í fyrsta lagi er lögð til 3.741 m.kr. heimild til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna heimsfaraldurs COVID-19 hjá sérhæfðu sjúkrahúsunum. Frá því að faraldurinn skall á hafa heilbrigðisstofnanir þurft að mæta auknu álagi með því að stofna til viðbótarútgjalda. Launakostnaður hefur hækkað í faraldrinum vegna aukins álags, meðal annars hefur svokölluð bakvarðasveit verið kölluð til starfa. Stofnanirnar hafa þurft að kaupa nauðsynlegan búnað, svo sem hlífðarbúnað og áhöld til skimunar. Veiruskimunarprófum hefur fjölgað umtalsvert í faraldrinum og hafa spítalarnir aukið innkaup á nauðsynlegum lyfjum. Þá hafa þrif á húsnæði aukist í faraldrinum. Í fyrstu fjárukaalögum ársins var samþykkt 350 m.kr. fjárveiting til reksturs sjúkrahúsanna og er hún dregin frá hér. Í öðru lagi er gerð tillaga um 203,1 m.kr. fjárveitingu til Landspítala vegna tímabundinnar framlengingar svokallaðs vaktálagsauka hjúkrunarfræðinga á Landspítala, en

tilgangur hans var að auka hvata hjúkrunarfræðinga til að sinna vinnuskyldu utan dagvinnu. Samkvæmt minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis til Landspítala dags. 3. apríl 2020 er um að ræða tímabilið 1. janúar til 1. október 2020.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

### **23.2 Almenn sjúkrahúspjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 119,4 m.kr. Lögð er til 108 m.kr. viðbótarfjárveiting til sjúkrahúspjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna heimsfaraldurs COVID-19. Frá því að faraldurinn skall á hafa heilbrigðisstofnanir þurft að mæta auknu álagi með því að stofna til viðbótarútgjalda, sbr. umfjöllun um sama tilefni við málaflokk 23.1 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

### **23.3 Erlend sjúkrahúspjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 160 m.kr. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárveitingu vegna endurmats á útgjöldum ársins. Áætlanir gera nú ráð fyrir að halli stefni í 160 m.kr.

## **24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.831,6 m.kr.

### **24.1 Heilsugæsla**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.098,8 m.kr. Annars vegar er lögð til 1.270 m.kr. viðbótarfjárveiting til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Læknavaktarinnar til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna heimsfaraldurs COVID-19, sbr. umfjöllun þess efnis á málaflokki 23.1 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*. Í fyrstu fjárukalögum ársins var samþykkt 250 m.kr. fjárveiting til málaflokksins til að mæta ófyrirséðum kostnaði í heimsfaraldrinum og er fjárhæðin dregin frá hér. Hins vegar eru gerðar ýmsar tillögur um millifærslur sem samtals nema 200 m.kr. til lækkunar. Meðal þeirra eru millifærslur til annarra málaflokka heilbrigðismála vegna lækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra. Þá er millifærð fjárheimild vegna læknisþjónustu geðheilsuteymis í fangelsum.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

### **24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 707,8 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 577 m.kr. viðbótarfjárveiting á lið sjúkrahótels til að mæta ófyrirséðum samningum Sjúkratrygginga Íslands vegna leigusamninga við rekstur sóttvarnahúsa vegna heimsfaraldursins. Í öðru lagi hækkar fjárheimild málaflokksins vegna nokkurra millifærslna

af málaflokk 24.1 *Heilsugæsla* vegna millifærslna af öðrum málaflokkum, sbr. umfjöllun um millifærslur af málaflokki 24.1 *Heilsugæsla*, sbr. greinargerð þess málaflokks, og millifærslu af málaflokki 23.1 *Sérhæfð sjúkrahúsjónusta* vegna reksturs sjúkrahotels við Landspítala.

#### **24.4 Sjúkraflutningar**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 25 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki 24.1 *Heilsugæsla*. Tilefnið er lækkun greiðsluþátttöku sjúkratryggðra. Með breytingu á reglugerð um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra var þó komið til móts við þann hóp sjúkratryggðra sem þarf á reglubundinni lífsnauðsynlegri blóðskilunarmedferð að halda. Einnig er með breytingu á reglugerðinni greitt fargjald fyrir fylgdarmann konu sem þarf að ferðast á heilbrigðisstofnun til að fæða barn.

## **25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 813 m.kr.

#### **25.1 Hjúkrunar- og dvalarrými**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 618 m.kr. Þar af um 538 m.kr. til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna heimsfaraldurs COVID-19 í málaflokknum. Frá því að faraldurinn skall á hafa heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili þurft að mæta auknu álagi með því að stofna til viðbótarútgjalda. Til dæmis hefur launakostnaður hækkað í faraldrinum vegna bakvarðasveita sem hafa verið kallaðar út. Þá hefur fallið til kostnaður vegna kaupa nauðsynlegs búnaðar, svo sem hlífðarbúnaðar, auk þess sem ræsting hefur aukist í faraldrinum.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

#### **25.2 Endurhæfingarþjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 195 m.kr. Tilefnið er í fyrsta lagi samtals 220 m.kr. millifærslur til að mæta kostnaði við samning við Ljósið. Í öðru lagi vegna millifærslu frá heilbrigðisráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins. Færslan er gerð vegna vaktþjónustu á Krýsuvíkurheimilinu en rekstur þess fluttist til félagsmálaráðuneytisins um liðin áramót.

## **26 Lyf og lækningavörur**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.449,8 m.kr.

#### **26.1 Lyf**

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins verði aukin um 1.269,8 m.kr. Gerð er tillaga um viðbótarfjárveitingu vegna endurmats á útgjöldum ársins. Áætlanir gera nú ráð fyrir að halli stefni í 1.300 m.kr. að frátöldum gengisáhrifum. Hallinn er til kominn vegna aukins kostnaðar

í ákveðnum lyfjaflokkum; segavarnar-, hjarta- og æðakerfislyfjum, sykursýkislyfjum og geðlyfjum ásamt ákvörðun lyfjagreiðslunefndar um hækkun á álagi veltulítilla lyfja. Gerðar eru tillögur um tvær millifærslur. Annars vegar hefur tillaga um 40 m.kr. millifærslu á málaflokkinn vegna hormónatengdra getnaðarvarnarlyfja fyrir 20 ára og yngri verið felld undir greiðsluþáttöku. Hins vegar eru millifærðar af málaflokki 70,2 m.kr. á málaflokkinn 23.1 *Sérhæfð sjúkráhusþjónusta* vegna umsýslugjalds fyrir S-merkt lyf. Reiknaður kostnaður vegna ársins 2020 er 83,2 m.kr. Áður höfðu verið millifærðar 13 m.kr. í fjárlögum 2020 og því er framangreind fjárhæð millifærð yfir á rekstrarviðfang Landspítalans.

### 26.3 Hjálpartæki

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 180 m.kr. Lögð er til viðbótarfjárheimild vegna endurmats á útgjöldum ársins. Áætlanir gera nú ráð fyrir að halli stefni í 110 m.kr. að frátöldum gengisáhrifum sem talin eru verða um 550 m.kr. Þá er gerð tillaga um 70 m.kr. millifærslu fjárheimildar á málaflokkinn og vegna breytingar á reglugerð um hjálpartæki er greiðsluþátttaka sjúkratrygginga aukin.

## 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 2.123 m.kr.

### 27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 3.160 m.kr. og vegur þar þyngst að lagt er til að millifæra 2.930 m.kr. af málaflokki yfir á málaflokk 27.2 *Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka*. Árið 2019 var 2,9 ma.kr. bætt við örorkulífeyri til að bæta kjör örorkulífeyrisþega. Með breytingu á lögum um félagslega aðstoð um sérstaka uppbót vegna framfærslu og meðferðar atvinnutekna nr. 97/2019 flytjast fjárveitingar á milli þessara málaflokka í samræmi við ákvörðun um ráðstöfun fjárins. Einnig verður óskað eftir varanlegri breytingu á fjárheimildum málaflokka í samræmi við lög in í fjárlögum 2021.

Auk þess er lagt til að 230 m.kr. verði millifærðar af málaflokki 27.4 *Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristryggingar)* vegna áætlaðs vaxtakostnaðar í tengslum við endurútreikning á búseturéttindum örorkulífeyrisþega í samræmi við álit umboðsmanns á áhrifum búsetutíma erlendis á rétt til örorkulífeyris.

### 27.2 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins aukist um 4.890 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um auknar fjárheimildir að fjárhæð 1.960 m.kr. vegna aukinna útgjalda endurhæfingarlífeyris. Í forsendum fjárlaga síðustu ára hefur verið gert ráð fyrir 2,5% fjölgun örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega en með aukinni áherslu á endurhæfingu fólks með skerta starfsgetu hefur fjölgun endurhæfingarlífeyrisþega hins vegar verið umfram spár. Endurhæfingarlífeyrisþegum fjölgaði um fjórðung frá september 2019 til september 2020 og þar vegur þyngst aukning ungs fólks á endurhæfingarlífeyri.

Í öðru lagi er um að ræða 2.930 m.kr. millifærslu af málaflokki 27.1 *Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir* vegna breytinga á lögum um félagslega aðstoð um sérstaka uppbót vegna framfærslu og meðferð atvinnutekna, nr. 97/2019.

### 27.3 Málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 3 m.kr. sem varið verður til vitundarefingar og fræðslu fyrir fatlað fólk og börn vegna COVID-19.

### 27.4 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristryggingar)

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 390 m.kr. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er um er að ræða 80 m.kr. viðbót við 400 m.kr. fjárveitingu sem samþykkt var í fyrstu fjárukalögum vegna einskisgreiðslu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega vegna COVID-19. Nam greiðslan 20.000 kr. á einstakling og kom til greiðslu þann 1. júní sl. Kostnaður vegna þessarar aðgerðar reyndist hærri en áætlað var í upphaflegu mati eða alls 480 m.kr. og því er nú farið fram á viðbótarfjárveitingu.

Í öðru lagi er um að ræða 80 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna dóms Landsréttar nr. 466/2018. Fjárheimildir fengust í fjárukalögum 2019 vegna þessa en um er að ræða ólögmati afturvirktrar skerðingar á greiðslum til ellilífeyrisþega vegna greiðslna úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum. Bætur voru skertar afturvirknt með lagabreytingu frá árinu 2017 þar sem verið var að leiðrétta mistök sem voru gerð við breytingu á lögum um almannatryggingar árið áður. Afturvirkni laganna var dæmd ólögmat og Tryggingastofnun ríkisins gert að greiða til baka skerðinguna ásamt dráttarvöxtum. Ekki náðist að ljúka greiðslum á árinu 2019 og falla því til greiðslur á yfirstandandi ár.

Í þriðja lagi er um að ræða 230 m.kr. millifærslu af málaflokki 27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir vegna áætlaðs vaxtakostnaðar í tengslum við endurútreikning á búseturéttindum örorkulífeyrisþega, en fjárheimildir vegna þessa voru settar á viðfang örorkulífeyris.

## 28 Málefni aldraðra

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.735 m.kr.

### 28.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.525 m.kr. og skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 1.380 m.kr. aukningu vegna endurmatr á útgjaldahorfum ársins en við uppgjör Tryggingastofnunar ríkisins á árinu 2019 kom í ljós að atvinnu- og fjármagnstekjur ellilífeyrisþega voru lægri en gert var ráð fyrir í tekjuáætlunum. Leiðir það til lækkunar á tekjuáætlunum ársins 2020 og því er gert ráð fyrir að það vanti um 1 ma.kr. í fjárheimildir vegna þessa árs auk 380 m.kr. vegna uppgjörsgreiðslna fyrra árs.

Í öðru lagi er lögð til 355 m.kr. hækkan vegna dóms Landsréttar nr. 466/2018, um ólögmati afturvirktrar skerðingar á greiðslum til ellilífeyrisþega vegna greiðslna úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum. Fjárheimildir fengust í fjárukalögum ársins 2019 vegna málsins en ekki tókst að ljúka greiðslum á því ári. Hluti greiðslnanna fellur því til á árinu 2020 en uppgjörsgreiðslur eru á áætlun.

Í þriðja lagi er lagt til að 210 m.kr. verði millifærðar af málaflokknum á málaflokk 28.3 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta. vegna viðbótarstuðnings við aldraða á grundvelli laga nr. 74/2020 sem samþykkt voru í júlí á þessu ári. Markmið laganna er að styrkja framfærslu þeirra verst settu í hópi aldraðra.



### **28.3 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.**

Gert er ráð fyrir að 210 m.kr. verði millifærðar á málaflokkinn af málaflokki 28.1 *Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra* vegna greiðslna í tengslum við viðbótarstuðning við aldraða á grundvelli laga nr. 74/2020 sem samþykkt voru í júlí á þessu ári. Markmið laganna er að styrkja framfærslu þeirra verst settu í hópi aldraðra.

## **29 Fjölskyldumál**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði lækkuð um 2 m.kr.

### **29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 0,4 m.kr. Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu vegna desemberuppbótar foreldra langveikra og fatlaðra barna í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um stuðning við þennan hóp vegna COVID-19.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## **30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 44.290 m.kr. og greiðsluheimild um 94 m.kr. því til viðbótar.

### **30.1 Vinnumál og atvinnuleysi**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 44.290 m.kr. og skýrist það af sex tilefnum.

Í fyrsta lagi er farið fram á 15,9 ma.kr. hækkun á fjárheimild málaflokksins til að mæta auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs á yfirstandandi ári. Atvinnuleysi hefur aukist mikið á árinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar en forsendur fjárlaga gera ráð fyrir um 4,2% meðalatvinnuleysi. Spár Vinnumálastofnunar gera nú hins vegar ráð fyrir að atvinnuleysi verði rúmlega tvisvar sinnum meira eða um 9%.

Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs stefna í um 80 ma.kr. á árinu en þar af er áætlað að almennar atvinnuleysisbætur nemi rúmum 56 ma.kr. og að kostnaður vegna hlutabóta verði um 22 ma.kr. Að teknu tilliti til samtals 36 ma.kr. aukafjárveitingar í þriðju fjárhagsárinu vegna hlutabótaleiðarinnar og greiðslu launa í sóttkví vantar 15,9 ma.kr. til málaflokksins svo fjárveitingar ársins nægi fyrir útgjöldum en kostnaður vegna þessara aðgerða var minni en áætlað var.

Í öðru lagi er farið er fram á 2,1 ma.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við tímabundna lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr allt að þremur mánuðum í allt að sex mánuði, sbr. lög nr. 112/2020, um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar). Gert er ráð fyrir að um 9.000 einstaklingar ljúki tekjutengdu bótatímabili sínu á árinu og muni fá framlengingu í allt að sex mánuði. Nær úrræði til þeirra sem ekki hafa fullnýtt bótarétt sinn fyrir 1. júní í stað 1.



september eins og áður var áætlað.

Í þriðja lagi er lögð til 340 m.kr. viðbótarfjárveiting til reksturs Vinnumálastofnunar vegna aukins álags í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Starfsfólki Vinnumálastofnunar hefur fjölgað um 48 stöðugildi frá september 2019 til september 2020 og þörf er á að fjölga þeim frekar á næstu misserum enda hefur fjöldi atvinnuleitenda í þjónustu stofnunarinnar tvöfaldast frá því í ársbyrjun. Talsverður kerfiskostnaður hefur fallið til á þessu ári sökum nýrra úrræða og nemur einungis sá kostnaður um 96 m.kr. Reynst hefur nauðsynlegt að fjölga stöðugildum umtalsvert til að ráða við þá vinnu sem stórauðnu atvinnuleysi fylgir, auk umsýslu með ýmsum vinnumarkaðsaðgerðum sem settar hafa verið af stað í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Ljóst er að áhrif faraldursins eru meiri og langdregnari en fyrst var talið og að óbreyttu stefnir í að afkoma Vinnumálastofnunar verði neikvæð sem nemur um 470 m.kr. á árinu. Að teknu tilliti til umsýslugjalda með sóttkvíarræði og námsmannaátaki verður rekstrarhalli stofnunarinnar um 340 m.kr.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um 150 m.kr. fjárheimild vegna desemberuppbótar til einstaklinga í hlutabótaúrræðinu. Vinnumálastofnun áætlar að 4.500 einstaklingar muni staðfesta samkomulag sitt við atvinnurekanda um minnkað starfshlutfall og fá greidda desemberuppbót, eigi þeir rétt á henni. Til að fá fulla desemberuppbót þarf atvinnuleitandi að hafa verið atvinnulaus í 10 mánuði á árinu 2020 en aðrir fá hlutfallslega uppbót í samræmi við þann tíma sem þeir hafa verið í skertu starfshlutfalli.

Í fimmta lagi er gerð tillaga um 23,3 ma.kr. aukna fjárheimild til málaflokksins vegna tekjufallsstyrkja. Markmið þeirra er að viðhalda atvinnustigi og efnahagssumsvifum með því að styðja við rekstraraðila sem hafa orðið fyrir tímabundnu tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og aðgerða stjórnvalda til að verjast útbreiðslu hennar. Miðað er við tekjufall á tímabilinu 1. apríl - 31. október 2020. Við mat á frumvarpi um viðspyrnustyrki sem eru framhald tekjufallsstyrkja var beitt annarri aðferðarfræði sem nánar er listuð í greinargerð þess frumvarps. Þar kemur fram að með nýrri aðferðarfræði reyndust ytri mörk tekjufallsstyrkja nokkuð hærri en fyrra mat hafði gert ráð fyrir eða um 31 ma.kr. í stað 23,3 ma.kr. Í ljósi óvissu um nýtingu á úrræðinu fyrir lok þessa árs og með hliðsjón af því að umsóknarfrestur er til maí á næsta ári þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að fjárheimildirnar verði auknar um 23,3 ma.kr. Það svarar til 75% af uppfærðu mati á ytri mörkum á kostnaði úrræðisins. Ef til þess kemur að nýting úrræðisins verði umfram það eru allar líkur á því að þau útgjöld falli til á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að horft verði til þess við undirbúning og gerð frumvarps til fjárukalaga næsta árs.

Í sjötta lagi er lagt til að lokunarstyrkir sem samþykktir voru á Alþingi í öðrum fjárukalögum ársins undir málefnasviði 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* verði millifærðir á málefnasviði 30 *Vinnumarkaður og atvinnuleysi* og falli þar undir lið 09-982 *Stuðningur við fyrirtæki vegna heimsfaraldurs*.

## 30.2 Vinnumarkaður

Gerð er tillaga um 94 m.kr. aukna greiðsluheimild til að mæta rekstrartekjutapi Vinnueftirlitsins vegna COVID-19 faraldursins. Afkomuhorfur Vinnueftirlitsins eru neikvæðar og stefnir í að halli í lok árs muni nema 104 m.kr. Áætlaðar rekstrartekjur samkvæmt fjárlögum nema 601 m.kr. Rekstrartekjur á fyrri árshelmingi nema samtals 238,3 m.kr. Áætlaður beinn kostnaður Vinnueftirlitsins vegna faraldursins í formi tekjutaps er 104 m.kr. en á móti koma mótvægisáðgerðir upp á 10 m.kr. COVID-19 faraldurinn hefur haft veruleg áhrif á hag fyrirtækja í landinu og eru mun færri starfsmenn sendir á námskeið hjá stofnuninni en verið hefur. Eftirlitsheimsóknur hefur einnig fækkað vegna faraldursins.

## 31 Húsnæðisstuðningur

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 140 m.kr.

### 31.1 Húsnæðisstuðningur

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 140 m.kr. til að mæta kostnaði vegna fjölgunar viðtakenda húsnæðisbóta. Útgjöld húsnæðisbóta á árinu 2020 verða um 6.563 m.kr. eða um 345 m.kr. umfram fjárlög. Að teknu tilliti til innheimtu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á ofgreiddum húsnæðisbótum nemur fjárvöntunin 140 m.kr. Í upphafi þessa árs voru frítekju- og eignamörk hækkuð, en á móti var skerðingarhlutfallið hækkað úr 9% í 11%. Skýringu á hallanum má því rekja til fjölgunar viðtakenda húsnæðisbóta. Meðalfjöldi umsókna á árinu 2020 er um 16.300 umsóknir á mánuði sem er um 4% aukning frá árinu 2019 og um 9% aukning frá árinu 2018.

## 32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði a,4ukin um 410 m.kr.

### 32.1 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins verði aukin um 576,4 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 147 m.kr. viðbótarfjárveiting til embættis landlæknis til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna heimsfaraldurs COVID-19. Embættið hefur frá því að faraldurinn skall á þurft að mæta auknu álagi með því að stofna til viðbótarútgjalda.

Í öðru lagi er lögð til 400 m.kr. fjárheimild vegna kaupa á bóluefni gegn COVID-19. Talið er að einstaklingar þurfi tvo skammta af bóluefninu. Gera þarf því ráð fyrir að þörfin fyrir bóluefni á Íslandi, ef miðað er við að bólusetja þurfi 75% þjóðarinnar með tveimur skömmtum, sé um 550.000 skammtar af bóluefni. Búist er við að hver skammtur muni kosta um 4 evrur. Við það bætist flutningskostnaður og önnur gjöld. Í þriðja lagi eru millifærðar samtals 29,4 m.kr. á málaflokkinn. Um er að ræða 8,3 m.kr. millifærslu höfuðstóls lyfjagreiðslunefndar sem verður lögð niður um áramótin til Lyfjastofnunar og einnig eru 21,1 m.kr. millifærslu til embættis landlæknis vegna viðbótarkostnaðar við leigu annars húsnæðis eftir að mygla kom upp í húsnæði embættisins.

### 32.3 Stjórnýsla heilbrigðismála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 183,4 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 46 m.kr. hækkan vegna samstarfsverkefnis um lyfjakaup sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að taka þátt í. Verkefnið er liður í því að tryggja öllum þjóðum aðgang að bóluefni við COVID-19. Þátttaka Íslands og Noregs er liður í samstarfi Evrópuþjóða þar sem aðildarríki Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins leggja sitt af mörkum til að uppfylla það mikilvæga markmið að öllum þjóðum heims verði tryggður aðgangur að bóluefni, óháð efnahag. Framlag Íslands og Noregs til verkefnisins hljóðar upp á sjö milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 967 m.kr., sem jafngildir tveimur milljónum skammta af bóluefni. Þar af standa íslensk stjórnvöld straum af fjármögnun á 100.000 bóluefnisskömmtum og er áætlaður kostnaður Íslands um 46 m.kr. Í öðru lagi eru lagðar til millifærslur af málaflokknum, annars vegar 29,4 m.kr. á málaflokk 32.1 *Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit*, sbr. umfjöllum í þeim

málaflokki. Hins vegar er gert ráð fyrir 200 m.kr. millifærslu á málaflokk 25.2 *Endurhæfingarþjónusta* til að mæta kostnaði við samning við Ljósið.

### 32.4 Stjórnsýsla félagsmála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 17,4 m.kr. Um 20 m.kr. verður varið til hjálparsamtaka sem úthluta mataraðstoð fyrir jólin. Talsvert fleiri beiðnir hafa borist um mataraðstoð skv. upplýsingum frá félagasamtökum eins og Fjölskylduhjálpi Íslands, Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og mæðrastyrksnefndum. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar hefur beiðnum um efnislega aðstoð fjölgað um 40% í sumar og haust. Jóláaðstoðin er umfangsmikil hjá öllum hjálparsamtökum ár hvert og búa þau sig nú undir að mæta enn meira álagi fyrir komandi jól vegna áhrifa COVID-19. Hjálpræðisherinn býður upp á hátíðarmat fyrir fólk í viðkvæmum hópum og þá sem eru einir á aðfangadag jóla. Síðustu ár hafa um 250–300 manns skráð sig og komið í jólamatinn.

Aðrar breytingar á fjárheimild málaflokksins eru tilkomnar vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

## 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 7.016 m.kr.

### 33.1 Fjármagnskostnaður

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 1,5 ma.kr. á rekstrargrunni og verði 44,7 ma.kr., en lækki á greiðslugrunni um 0,7 ma.kr. og verði 39,0 ma.kr. Stóraukin lántaka ríkissjóðs vegna áhrifa COVID-19 á afkomuna skýrir hækkunina en vaxtagjöld hækka ekki til samræmis vegna lækkunar vaxtakjara. Vakin er athygli á því að vegna mikilla gengisbreytinga á þessu ári má vænta um 45 ma.kr. gjaldfærslu í ríkisreikningi sökum gengistaps vegna erlendra skulda ríkissjóðs. Á hinn bóginn má á móti vænta um 39 ma.kr. tekjufærslu vegna gengishagnaðar gjaldeyriseigna ríkissjóðs. Neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs í ríkisreikningi eru áætluð um 6 ma.kr. Þar sem um er að ræða virðisbreytingar eigna og skulda koma neikvæð áhrif ekki fram í afkomu ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Sökum þess að endanleg gengisáhrif eru óviss, áhrif á gengisjöfnuð hlutfallslega takmörkuð og gengisbreytingar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni, er ekki sótt um gjaldaheimild vegna gengistapsins.

### 33.3 Lífeyrisskuldbindingar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 5,5 ma.kr. Hækkunina má að mestu leyti rekja til tveggja þátta. Annars vegar af auknum greiðslum til LSR vegna hækkana á lífeyri þeirra sem þegar eru á eftirlaunum, en þær skal ríkissjóður fjármagna skv. lögum. Hins vegar vegna þess að breytt aðferðafræði við mat á tryggingafræðilegri stöðu B-deildar LSR leiddi til neikvæðari hreinnar stöðu sjóðsins og þar með hækkunar reiknaðra vaxta um 1,9 ma.kr. frá fjárlögum. Lífeyrisskuldbindingar vegna þeirra sem þegar eru á eftirlaunum hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni.

## 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins lækki um 2.104,8 m.kr.

### 34.1 Almennur varasjóður

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 395,2 m.kr. sem skýrist af millifærslum af ýmsum málefnasviðum á almennan varasjóð vegna endurútreiknings á launaforsendum fjárlaga 2019 og 2020 vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2020.

### 34.2 Sértækar fjárráðstafanir

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 2.500 m.kr. Lokunarstyrkir voru samþykktir á Alþingi í öðrum fjárukalögum ársins undir málefnasviði *34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir*. Eftir nánari yfirferð á flokkun úrræðisins er nú lagt til að lokunarstyrkirnir verði millifærðir á málefnasvið *30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi* og falli þar undir lið *09-982 Studningur við fyrirtæki vegna heimsfaraldurs*.

## 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 500 m.kr.

### 35.1 Þróunarsamvinna

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 500 m.kr. sem skýrist alfarið af tillögu um framlag Íslands til þróunar og dreifingar bólefnis við COVID-19 til þróunarríkja, sbr. ákvörðun ríkisstjórnar dags. 3. júní 2020.

Ísland hefur líkt og nágrannaríkin, þ.m.t. Norðurlöndin, Bretland og Þýskaland, talað fyrir mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu um þróun bóluefnis og jafns aðgengi ríkja óháð greiðslugetu þeirra með það að leiðarljósi að tryggja öllum jarðarbúum aðgengi, jafnt þróunarríkjana sem þróaðri ríkja. Bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra hafa áréttað að bóluefni eigi að vera fyrir alla og hafa norrænu utanríkisráðherrarnir m.a. skrifað grein um mikilvægi slíks samstarfs og hlutverks Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), Alþjóðaónæmisáðgerðasjóðsins (GAVI) og samtaka um nýsköpun vegna viðbúnaðar við farsóttum (CEPI).

Á fjárfundi á vegum Alþjóðaónæmisáðgerðasjóðsins 4. júní sl. hét forsætisráðherra að leggja sjóðnum og samtökum um nýsköpun vegna viðbúnaðar við farsóttum til 500 m.kr. vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Þar af renna 250 m.kr. til samtakanna til þróunar bóluefna en hinar 250 m.kr. renna til Alþjóðaónæmisáðgerðasjóðsins sem sér um forkaupsrétt og dreifingu bóluefnis til þróunarríkja. Hvort tveggja fellur undir samstarfsverkefni um að hraða aðgengi að bóluefni (COVAX) sem er í samstarfi framangreindra aðila í baráttunni gegn COVID-19.

Ofangreind framlög uppfylla skilyrði um þróunaraðstoð skv. tilmælum þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD-DAC). Af þeim sökum hefur alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins haft það verk á hendi að annast samningagerð og utanumhald við viðeigandi stofnanir, enda verði þessi framlög talin fram sem hluti af þróunarsamvinnu Íslands.

Með þessu erindi er brugðist við vanda sem kemur upp eftir að fjárlög ársins 2020 voru samþykkt. Því er óskað eftir viðbótarfjárheimild í fjárukalögum.

# Fylgirit með frumvarpi til fjáráukalaga

fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 110/2020.

---

## Efnisyfirlit

|  | <b>Bls</b> |
|--|------------|
| <b>Yfirlit</b>   |            |
| Inngangur .....  | 2          |
| 1. gr. Fjárveitingar eftir hagrænni skiptingu .....                | 3          |
| 2. gr. Fjárveitingar eftir málaflokkum og ráðuneytum.....          | 25         |
| 3. gr. Fjárveitingar eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum..... | 44         |

## Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga og frumvarpi til fjárukalaga eru fjárheimildir A-hluta ríkissjóðs sundurgreindar eftir málefnasviðum og málaflokkum. Skipting fjárheimilda málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs birtist í fylgiriti sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpi og fjárukalagafrumvarpi. Þetta fylgirit er frábrugðið fylgiriti fjárlagafrumvarps og fjárlaga að því leyti að hér er ekki sýnd sundurliðun á áætluðum tekjum A-hluta ríkissjóðs samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga og ekki forsendur fjárveitinga sem byggjast á reiknilíkönunum eða sérstökum reiknireglum og fyrirhugaðar breytingar á þessum líkönunum og reglum. Í fylgiritinu er einungis sýnd nánari skipting fjárveitinga til stofnana og verkefna til samræmis við tillögur að breyttum fjárheimildum í frumvarpinu.

Efni fylgiritsins er í þremur yfirlitum og er sem hér segir:

- Skipting á breytingum á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka samkvæmt frumvarpinu í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna. Fjárveitingar til ríkisaðila greinast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstílfærslur og fjárfestingarframlög. Einnig er gerð grein fyrir áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila og verkefna og framlagi úr ríkissjóði.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna í A-hluta eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna eftir ráðuneytum.

## Yfirlit 1

### Skipting fjárheimilda skv. frumvarpi til fjárlaukalaga fyrir árið 2020 í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs og verkefna og í varasjóði málaflokka eftur hagrænni skiptingu

| Rekstrargrunnur, m.kr.   | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildar-<br>fjárheimild | Rekstrar-<br>tekjur | Framlög úr<br>ríkissjóði |
|--|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|-------------------------|---------------------|--------------------------|
| <b>02 Dómsfólar</b> .....  | <b>20,0</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>20,0</b>             | <b>0,0</b>          | <b>20,0</b>              |
| <b>02.30 Landsréttur</b> .....                                   | <b>20,0</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>20,0</b>             | <b>0,0</b>          | <b>20,0</b>              |
| <i>06-205 Landsréttur</i> .....                                  | <i>20,0</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>20,0</i>             | <i>0,0</i>          | <i>20,0</i>              |
| 101 Landsréttur .....  | 20,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 20,0                    | 0,0                 | 20,0                     |
| <b>03 Æðsta stjórnýsla</b> .....                                 | <b>-30,0</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>50,0</b>               | <b>20,0</b>             | <b>0,0</b>          | <b>20,0</b>              |
| <b>03.10 Embætti forseta Íslands</b> .....                       | <b>-32,0</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>32,0</b>               | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>          | <b>0,0</b>               |
| <i>00-101 Embætti forseta Íslands</i> .....                      | <i>-32,0</i>         | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>32,0</i>               | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>          | <i>0,0</i>               |
| 101 Almennur rekstur .....                                       | -32,0                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -32,0                   | 0,0                 | -32,0                    |
| 601 Tæki og búnaður .....  | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 32,0                      | 32,0                    | 0,0                 | 32,0                     |
| <b>03.30 Forsetisráðuneyti</b> .....                             | <b>2,0</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>18,0</b>               | <b>20,0</b>             | <b>0,0</b>          | <b>20,0</b>              |
| <i>01-101 Forsetisráðuneyti, aðalskrifstofa</i> .....            | <i>20,0</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>20,0</i>             | <i>0,0</i>          | <i>20,0</i>              |
| 101 Forsetisráðuneyti, aðalskrifstofa .....                      | 20,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 20,0                    | 0,0                 | 20,0                     |
| <i>01-201 Fasteignir forsetisráðuneytis</i> .....                | <i>-18,0</i>         | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>18,0</i>               | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>          | <i>0,0</i>               |
| 101 Fasteignir forsetisráðuneytis .....                          | -18,0                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -18,0                   | 0,0                 | -18,0                    |
| 601 Tæki og búnaður .....  | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 18,0                      | 18,0                    | 0,0                 | 18,0                     |
| <b>04 Utanríkismál</b> .....                                     | <b>6,8</b>           | <b>-4,2</b>             | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>2,6</b>              | <b>0,0</b>          | <b>2,6</b>               |
| <b>04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála</b> ..... | <b>7,8</b>           | <b>2,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>9,8</b>              | <b>0,0</b>          | <b>9,8</b>               |
| <i>03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa</i> .....           | <i>22,4</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>22,4</i>             | <i>0,0</i>          | <i>22,4</i>              |
| 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa .....                     | 22,4                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 22,4                    | 0,0                 | 22,4                     |
| <i>03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis</i> .....           | <i>-3,4</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-3,4</i>             | <i>0,0</i>          | <i>-3,4</i>              |
| 101 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis .....                     | -3,4                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -3,4                    | 0,0                 | -3,4                     |
| <i>03-300 Sendiráð Íslands</i> .....                             | <i>-11,2</i>         | <i>2,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-9,2</i>             | <i>0,0</i>          | <i>-9,2</i>              |
| 101 Sendiráð Íslands .....                                       | -11,2                | 2,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -9,2                    | 0,0                 | -9,2                     |

| Rekstrangrunnur, m.kr.   | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildar-<br>fjárhæð | Rekstrar-<br>tekjur | Framlag úr<br>ríkisjóði |
|--|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|---------------------|---------------------|-------------------------|
| <b>04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál .....</b>               | <b>-1,0</b>          | <b>-6,2</b>             | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-7,2</b>         | <b>0,0</b>          | <b>-7,2</b>             |
| <i>03-213 Varnarmál .....</i>                                      | <i>-1,0</i>          | <i>-6,2</i>             | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-7,2</i>         | <i>0,0</i>          | <i>-7,2</i>             |
| 101 Varnarmál .....  | -1,0                 | -6,2                    | 0,0                      | 0,0                       | -7,2                | 0,0                 | -7,2                    |
| <b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....</b>                 | <b>233,8</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>-63,1</b>              | <b>170,7</b>        | <b>262,4</b>        | <b>433,1</b>            |
| <b>05.10 Skattar og innheimta .....</b>                            | <b>26,4</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>-63,1</b>              | <b>-36,7</b>        | <b>0,0</b>          | <b>-36,7</b>            |
| <i>09-210 Skatturinn .....</i>                                     | <i>35,1</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>-68,1</i>              | <i>-33,0</i>        | <i>0,0</i>          | <i>-33,0</i>            |
| 101 Almennur rekstur .....   | 35,1                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 35,1                | 0,0                 | 35,1                    |
| 601 Tæki og búnaður .....  | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | -68,1                     | -68,1               | 0,0                 | -68,1                   |
| <i>09-214 Yfirskattanefnd .....</i>                                | <i>-0,6</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-0,6</i>         | <i>0,0</i>          | <i>-0,6</i>             |
| 101 Yfirskattanefnd .....  | -0,6                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -0,6                | 0,0                 | -0,6                    |
| <i>09-215 Skatttrannsóknarsjóri ríkisins .....</i>                 | <i>-8,1</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>5,0</i>                | <i>-3,1</i>         | <i>0,0</i>          | <i>-3,1</i>             |
| 101 Skatttrannsóknarsjóri ríkisins .....                           | -8,1                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -8,1                | 0,0                 | -8,1                    |
| 601 Tæki og búnaður .....  | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 5,0                       | 5,0                 | 0,0                 | 5,0                     |
| <b>05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins .....</b>                        | <b>-8,8</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-8,8</b>         | <b>2,4</b>          | <b>-6,4</b>             |
| <i>09-103 Fjársýsla ríkisins .....</i>                             | <i>-6,2</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-6,2</i>         | <i>0,0</i>          | <i>-6,2</i>             |
| 101 Almennur rekstur .....   | -6,2                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -6,2                | 0,0                 | -6,2                    |
| <i>09-905 Ríkiskaup .....</i>                                      | <i>-1,7</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-1,7</i>         | <i>1,6</i>          | <i>-0,1</i>             |
| 101 Rekstur og innra starf .....                                   | -1,7                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -1,7                | 1,6                 | -0,1                    |
| <i>09-980 Umbra .....</i>  | <i>-0,9</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-0,9</i>         | <i>0,8</i>          | <i>-0,1</i>             |
| 101 Umbra .....  | -0,9                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -0,9                | 0,8                 | -0,1                    |
| <b>05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála .....</b>                       | <b>216,2</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>216,2</b>        | <b>260,0</b>        | <b>476,2</b>            |
| <i>09-101 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa .....</i> | <i>-10,1</i>         | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-10,1</i>        | <i>0,0</i>          | <i>-10,1</i>            |
| 101 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa .....           | -10,1                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -10,1               | 0,0                 | -10,1                   |
| <i>09-190 Ýmis verkefni .....</i>                                  | <i>106,8</i>         | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>106,8</i>        | <i>0,0</i>          | <i>106,8</i>            |
| 110 Fastanefndir .....   | 14,8                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 14,8                | 0,0                 | 14,8                    |
| 190 Ýmis verkefni .....  | 92,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 92,0                | 0,0                 | 92,0                    |



| Rekstrargrunnur, m.kr.   | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildar-<br>fjárhæmild | Rekstrar-<br>tekjur | Framlag úr<br>ríkisjóði |
|--|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|------------------------|---------------------|-------------------------|
| <b>09-999 Ýmislegt</b> .....                                   | <b>119,5</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>119,5</b>           | <b>260,0</b>        | <b>379,5</b>            |
| 129 Umsýsla hugbúnaðarleyfa .....                              | 119,9                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 119,9                  | 260,0               | 379,9                   |
| 169 Kjara- og mannaússýsla ríkisins .....                      | -0,4                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -0,4                   | 0,0                 | -0,4                    |
| <b>06 Hagskýrslugerð og grunnskrár</b> .....                   | <b>-20,7</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-20,7</b>           | <b>3,9</b>          | <b>-16,8</b>            |
| <b>06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b> ..... | <b>-20,7</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-20,7</b>           | <b>3,9</b>          | <b>-16,8</b>            |
| <b>01-401 Hagstofa Íslands</b> .....                           | <b>-11,7</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-11,7</b>           | <b>0,0</b>          | <b>-11,7</b>            |
| 101 Hagstofa Íslands .....                                     | -11,7                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -11,7                  | 0,0                 | -11,7                   |
| <b>10-601 Þjóðskrá Íslands</b> .....                           | <b>-7,0</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-7,0</b>            | <b>3,9</b>          | <b>-3,1</b>             |
| 101 Þjóðskrá Íslands .....                                     | -7,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -7,0                   | 3,9                 | -3,1                    |
| <b>14-310 Landmælingar Íslands</b> .....                       | <b>-2,0</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-2,0</b>            | <b>0,0</b>          | <b>-2,0</b>             |
| 101 Landmælingar Íslands .....                                 | -2,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -2,0                   | 0,0                 | -2,0                    |
| <b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b> .....       | <b>-8,6</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-8,6</b>            | <b>4,3</b>          | <b>-4,3</b>             |
| <b>07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar</b> .....     | <b>-8,6</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-8,6</b>            | <b>4,3</b>          | <b>-4,3</b>             |
| <b>04-251 Hugverkastofan</b> .....                             | <b>0,1</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,1</b>             | <b>0,0</b>          | <b>0,1</b>              |
| 101 Hugverkastofan .....                                       | 0,1                  | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 0,1                    | 0,0                 | 0,1                     |
| <b>04-501 Nýsköpunarmiðstöð Íslands</b> .....                  | <b>-8,7</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-8,7</b>            | <b>4,3</b>          | <b>-4,4</b>             |
| 101 Nýsköpunarmiðstöð Íslands .....                            | -8,7                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -8,7                   | 4,3                 | -4,4                    |
| <b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b> .....                      | <b>0,0</b>           | <b>104,0</b>            | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>104,0</b>           | <b>0,0</b>          | <b>104,0</b>            |
| <b>08.10 Framlög til sveitarfélaga</b> .....                   | <b>0,0</b>           | <b>104,0</b>            | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>104,0</b>           | <b>0,0</b>          | <b>104,0</b>            |
| <b>10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga</b> .....               | <b>0,0</b>           | <b>104,0</b>            | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>104,0</b>           | <b>0,0</b>          | <b>104,0</b>            |
| 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög .....      | 0,0                  | 104,0                   | 0,0                      | 0,0                       | 104,0                  | 0,0                 | 104,0                   |
| <b>09 Almanna- og réttaröryggi</b> .....                       | <b>572,0</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>216,7</b>              | <b>788,7</b>           | <b>0,0</b>          | <b>788,7</b>            |
| <b>09.10 Löggesla</b> .....                                    | <b>506,0</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>195,6</b>              | <b>701,6</b>           | <b>0,0</b>          | <b>701,6</b>            |
| <b>06-303 Ríkislögreglustjóri</b> .....                        | <b>523,1</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>22,1</b>               | <b>545,2</b>           | <b>0,0</b>          | <b>545,2</b>            |
| 101 Ríkislögreglustjóri .....                                  | 463,1                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 463,1                  | 0,0                 | 463,1                   |
| 111 Rekstur lögreglubílfreiða .....                            | 60,0                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 60,0                   | 0,0                 | 60,0                    |
| 601 Tæki og búnaður .....                                      | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 0,1                       | 0,1                    | 0,0                 | 0,1                     |
| 611 Bifreiðar .....  | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 22,0                      | 22,0                   | 0,0                 | 22,0                    |

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                    | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildar-<br>fjárhæmild | Rekstrar-<br>tekjur | Framlag úr<br>ríkissjóði |
|---|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|------------------------|---------------------|--------------------------|
| <b>06-310 Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu</b> ..... | <b>-35,7</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>144,3</b>              | <b>108,6</b>           | <b>0,0</b>          | <b>108,6</b>             |
| 101 Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu .....           | -35,7                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -35,7                  | 0,0                 | -35,7                    |
| 601 Tæki og búnaður .....                                 | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 144,3                     | 144,3                  | 0,0                 | 144,3                    |
| <b>06-312 Lögreglustjórnin á Suðurnesjum</b> .....        | <b>-22,3</b>         | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>26,0</b>               | <b>3,7</b>             | <b>0,0</b>          | <b>3,7</b>               |
| 101 Lögreglustjórnin á Suðurnesjum .....                  | -22,3                | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -22,3                  | 0,0                 | -22,3                    |
| 601 Tæki og búnaður .....                                 | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 26,0                      | 26,0                   | 0,0                 | 26,0                     |
| <b>06-313 Lögreglustjórnin á Vesturlandi</b> .....        | <b>-0,4</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-0,4</b>            | <b>0,0</b>          | <b>-0,4</b>              |
| 101 Lögreglustjórnin á Vesturlandi .....                  | -0,4                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -0,4                   | 0,0                 | -0,4                     |
| <b>06-314 Lögreglustjórnin á Vestfirðum</b> .....         | <b>-1,2</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-1,2</b>            | <b>0,0</b>          | <b>-1,2</b>              |
| 101 Lögreglustjórnin á Vestfirðum .....                   | -1,2                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -1,2                   | 0,0                 | -1,2                     |
| <b>06-315 Lögreglustjórnin á Norðurlandi vestra</b> ..... | <b>2,7</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>2,7</b>             | <b>0,0</b>          | <b>2,7</b>               |
| 101 Lögreglustjórnin á Norðurlandi vestra .....           | 2,7                  | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 2,7                    | 0,0                 | 2,7                      |
| <b>06-316 Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra</b> ..... | <b>4,7</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>3,2</b>                | <b>7,9</b>             | <b>0,0</b>          | <b>7,9</b>               |
| 101 Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra .....           | 4,7                  | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 4,7                    | 0,0                 | 4,7                      |
| 601 Tæki og búnaður .....                                 | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 3,2                       | 3,2                    | 0,0                 | 3,2                      |
| <b>06-317 Lögreglustjórnin á Austurlandi</b> .....        | <b>0,6</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>0,6</b>             | <b>0,0</b>          | <b>0,6</b>               |
| 101 Lögreglustjórnin á Austurlandi .....                  | 0,6                  | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 0,6                    | 0,0                 | 0,6                      |
| <b>06-318 Lögreglustjórnin á Suðurlandi</b> .....         | <b>-3,5</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-3,5</b>            | <b>0,0</b>          | <b>-3,5</b>              |
| 101 Lögreglustjórnin á Suðurlandi .....                   | -3,5                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -3,5                   | 0,0                 | -3,5                     |
| <b>06-319 Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum</b> .....     | <b>-0,8</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-0,8</b>            | <b>0,0</b>          | <b>-0,8</b>              |
| 101 Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum .....               | -0,8                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -0,8                   | 0,0                 | -0,8                     |
| <b>06-325 Samræmd neyðarsvörun</b> .....                  | <b>35,6</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>35,6</b>            | <b>0,0</b>          | <b>35,6</b>              |
| 110 Samræmd neyðarsvörun .....                            | 35,6                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 35,6                   | 0,0                 | 35,6                     |
| <b>06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál</b> .....          | <b>3,2</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>3,2</b>             | <b>0,0</b>          | <b>3,2</b>               |
| 110 Ýmis löggæslukostnaður .....                          | 3,2                  | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 3,2                    | 0,0                 | 3,2                      |

| Rekstrargrunnur, m.kr.  | Rekstrar-<br>framlög | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Fjárfestingar-<br>framlög | Heildar-<br>fjárhæmild | Rekstrar-<br>tekjur | Framlag úr<br>ríkissjóði |
|---|----------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|------------------------|---------------------|--------------------------|
| <b>09.20 Landhelgi</b> .....                                    | <b>40,6</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>15,3</b>               | <b>55,9</b>            | <b>0,0</b>          | <b>55,9</b>              |
| <i>06-395 Landhelgisgæsla Íslands</i> .....                     | <i>43,8</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>15,3</i>               | <i>59,1</i>            | <i>0,0</i>          | <i>59,1</i>              |
| 190 Landhelgisgæsla Íslands .....                               | 43,8                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 43,8                   | 0,0                 | 43,8                     |
| 601 Tæki og búnaður .....                                       | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 15,3                      | 15,3                   | 0,0                 | 15,3                     |
| <i>06-998 Varasjóðir málaflokka</i> .....                       | <i>-3,2</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-3,2</i>            | <i>0,0</i>          | <i>-3,2</i>              |
| 120 Varasjóður málaflokks 09-20 .....                           | -3,2                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -3,2                   | 0,0                 | -3,2                     |
| <b>09.30 Ákærvald og réttarvarla</b> .....                      | <b>5,8</b>           | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>5,8</b>                | <b>11,6</b>            | <b>0,0</b>          | <b>11,6</b>              |
| <i>06-300 Héraðssaksóknari</i> .....                            | <i>5,8</i>           | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>5,8</i>                | <i>11,6</i>            | <i>0,0</i>          | <i>11,6</i>              |
| 101 Héraðssaksóknari .....                                      | 5,8                  | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 5,8                    | 0,0                 | 5,8                      |
| 601 Tæki og búnaður .....                                       | 0,0                  | 0,0                     | 0,0                      | 5,8                       | 5,8                    | 0,0                 | 5,8                      |
| <b>09.50 Fullnustumál</b> .....                                 | <b>19,6</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>19,6</b>            | <b>0,0</b>          | <b>19,6</b>              |
| <i>06-501 Fangeislmálastofnun ríkisins</i> .....                | <i>19,6</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>19,6</i>            | <i>0,0</i>          | <i>19,6</i>              |
| 101 Fangeislmálastofnun ríkisins .....                          | 19,6                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | 19,6                   | 0,0                 | 19,6                     |
| <b>10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála</b> ..... | <b>416,0</b>         | <b>20,0</b>             | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>436,0</b>           | <b>0,0</b>          | <b>436,0</b>             |
| <b>10.30 Sýslumenn</b> .....                                    | <b>-6,6</b>          | <b>0,0</b>              | <b>0,0</b>               | <b>0,0</b>                | <b>-6,6</b>            | <b>0,0</b>          | <b>-6,6</b>              |
| <i>06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins</i> .....             | <i>-3,7</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-3,7</i>            | <i>0,0</i>          | <i>-3,7</i>              |
| 101 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins .....                       | -3,7                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -3,7                   | 0,0                 | -3,7                     |
| <i>06-442 Sýslumaður Vesturlands</i> .....                      | <i>-0,4</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-0,4</i>            | <i>0,0</i>          | <i>-0,4</i>              |
| 101 Sýslumaður Vesturlands .....                                | -0,4                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -0,4                   | 0,0                 | -0,4                     |
| <i>06-443 Sýslumaður Véstfirðja</i> .....                       | <i>-0,2</i>          | <i>0,0</i>              | <i>0,0</i>               | <i>0,0</i>                | <i>-0,2</i>            | <i>0,0</i>          | <i>-0,2</i>              |
| 101 Sýslumaður Véstfirðja .....                                 | -0,2                 | 0,0                     | 0,0                      | 0,0                       | -0,2                   | 0,0                 | -0,2                     |
